VESTFIRSKIR VERKTAKAR
Háþrýstiþvottur
Kjarnaborun
Steinsögun
www.vverk.is Sími: 456 6600

Nýtt og öflugt verkfæri til íbúðakaupa
Greiðslumat á netinu
Lánsumsókn á netinu
Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
Fimmtudagur 30. ágúst 2007 · 35. tbl. · 24. árg.

Miða allt við Vestfirði

Spjallað við Helgu Rakel Rafnsdóttur um menningarstarf á Vestfjörðum, kvikmyndagerð og framtíð litlu byggðanna í landinu. Sjá miðopnu.

Tungudalsvirkjun tekin í notkun

Tungudalsvirkjun var formlega tekin í notkun á sunnudag að viðstöddu fjölmenni. Þess var einnig minnst að 30 ár eru liðin frá því að stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn. Þann 26. ágúst árið 1977 skrifuðu vestfirskir sveitarstjórnarmenn og Gunnar Thoroddsen, þáverandi iðnaðarráðherra undir, stofnsamninginn. Það var Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sem formlega vígði virkjunina og Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar lék nokkur lög. Tungudalsvirkjun er 700 kílóvatta virkjun hönnuð af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens og Tækniþjónustu Vestfjarða. Verktakafyrirtækið K.N.H. á Ísafirði reisti stöðvarhúsið og Afrek í Reykjavík sá um jarðvinnu og niðurlagningu vatnspípunnar.

Fyrstu hugmyndir um að virkja afrennslisvatnið úr Vestfjarðagöngum munu hafa kviknað fljótlega eftir að fossinn opnaðist við gangagerðina árið 1993. Þegar á því ári vann Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens greinargerð um þennan virkjunarkost fyrir Orkubú Vestfjarða. Verklegar framkvæmdir hófust sumarið 2005 og hleypt var á hverfla Tungudalsvirkjunar í janúar 2006. Framkvæmdum lauk nú í sumar.

Össur Skarphéðinsson ræsir virkjunina undir leiðsögn Kristjáns Pálssonar frá Orkubúi Vestfjarða.

Símanúmer Landsbankans á Ísafirði er 410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Ísinn ekki kannaður

Ekki eru gerðar opinberar rannsóknir á örverufræðilegum gæðum íss úr vél sem seldur er á Ísafirði. Hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða fengust þær upplýsingar að þrif á ísvélum sé hluti af innra eftirliti matvælafyrirtækja. Starfsfólk sé sent á námskeið til að læra þrif á þeim sérstaklega. Gísli Elís Úlfarsson, einn eigenda Hamraborgar, staðfestir þetta. „Við erum bara tveir sem þrífum vélarnar, ég og Úlfur“, segir Gísli.

Hann segir að vélarnar séu þrifnar einu sinni í viku. „Núna eru þessar vélar með alveg lokað kerfi. Hér áður fyrr þurfti að þrífa vélarnar daglega þar sem þær voru svo opnar, en mannshöndin kemst hvergi að á þessum nýju vélum.“ Gísli segir að Matís komi reglulega og geri úttekt á gæðum íssins, það sé innra eftirlit fyrirtækisins.

Á höfuðborgarsvæðinu eru árlega gerðar rannsóknir á örverufræðilegum gæðum íss úr vél. Árið 2006 var lokað tímabundið fyrir íssölu hjá 11 fyrirtækjum vegna ófullnægjandi gæða íssins, en aðeins hjá tveimur árið 2007. *– tinna@bb.is*

Dagurinn í dag

30. ágúst 2007 – 242. dagur ársins

Þennan dag árið 1967 varð Borgarskálabruninn. Tvær stórar vöruskemmur Eimskipafélagsins við Borgartún í Reykjavík brunnu en í þeim voru þúsundir tonna af vörum. Eldurinn kom upp skömmu fyrir miðnætti þennan dag og börðust slökkviliðsmenn við eldinn í röskan sólarhring.

Fyrsti sigur sumarsins

Meistaraflokkur kvenna hjá BÍ-Bolungarvík sigraði í síðasta leik sumarsins sem var gegn Leikni frá Reykjavík. Leikurinn fór fram á grasvellinum á Torfnesi á sunnudag og skoruðu vestfirsku stelpurnar tvö mörk í fyrri hálfleik. Elín Marta Eiríksdóttir skoraði fyrra markið og Karitas Sigurlaug Ingimarsdóttir kom með það seinna en hún er markahæsti leikmaður flokksins í sumar. Þar með er leiktíðinni lokið hjá BÍ/Bolungarvík sem hafnaði í neðsta sæti 1. deildar kvenna. BÍ-Bolungarvík er skipað blöndu meistaraflokks-, 2. flokks og 3. flokks stelpna sem koma bæði frá Ísafirði og utan úr Bolungarvík. Er þetta annað leikárið þeirra þar sem meistaraflokkurinn var stofnaður árið 2006 eftir áralangt hlé.

Landsbyggðin að dragast aftur úr

Að mati Kristins H. Gunnarssonar, þingmanns Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi, sýnir nýútkomin skýrsla Byggðastofnunar um svæðisbundin hagvöxt það svart á hvítu að landsbyggðin er að dragast aftur úr höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslunni kemur fram að hagvöxtur á Vestfjörðum var á árunum 1998-2005 neikvæður um þrjú prósent. Verst var ástandið annarsstaðar í kjördæminu, eða á Norðvesturlandi þar sem hann var neikvæður um nú prósent. „Skelfileg útkoma Norðvesturlands vekur athygli þar sem samgöngur eru góðar á því svæði og þetta

segir okkur að mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar þar sem boðaðar eru vegaframkvæmdir skipta ekki höfuðmáli, þó þær séu mikilvægar. Atvinnustigið skipti öllu máli“, segir Kristinn.

Í skýrslunni kemur fram að vergar þáttatekjur á mann hafi aukist á Vestfjörðum á verðlagi ársins 2000. Þannig voru þær 2 milljónir árið 1998 og jukust í 2,2 milljónir árið 2005. Þáttatekjur Vestfirðinga voru meiri en íbúa höfuðborgarsvæðisins í upphafi tímabilsins en fljótlega fór að halla undan fæti.

„Meðaltekjur Vestfirðinga fara lækkandi í samburði íbúa höfuðborgarsvæðisins og þar af leiðandi verða lífskjörin lakari. Þetta segir okkur það að hugmyndir mínar um aðgerðir í skattamálum þar sem íbúum landsbyggðarinnar fái ákveðnar ívilnanir eiga rétt á sér og eru í raun nauðsynlegar“, segir Kristinn.

– smari@bb.is

Refasetur sett upp í Eyrardalsbænum

Fyrsta refasetur Íslands verður sett upp í Eyrardalsbænum í Álftafirði og 15. september nk. verður stofnað hlutafélag um setrið. „Í refasetrinu mun fyrst og fremst fara fram fræðsla en einnig höfum við áhuga á samstarfi við Háskóla Íslands, náttúrustofur og erlenda aðila við að koma að rannsóknum á tófunni. Refasetrið mun bjóða upp á svo marga möguleika sem gerir þetta enn meira spennandi“, segir Ester Rut Unnsteinsdóttir líffræðingur sem unnið hefur að undirbúningi setursins. Í refasetrinu verður aðstaða fyrir fræðimenn til að vinna að rannsóknum á íslenska melrakkanum ásamt aðstöðu til að fræða almenning um líf og hátterni þessarar merku skepnu. Stefnt er að því að opna setrið er framkvæmdum við Eyrardalsbæinn lýkur en undanfarin ár hefur verið unnið að endur-



Eyrardalsbærinn í Súðavíkur áður en endurbæturnar hófust af fullum krafti.

byggingu hans. Áætlað er að það verði ekki seinna en 2009.

Eyrardalsbærinn var byggður í lok 19. aldar og var veglegasta hús Álftafjarðar á þeim tíma. Það var innflutt frá Noregi og voru það norskir hvalfangarar sem reistu húsið. Húsið, sem er friðað, var byggt undir lok 19. aldar, og þykir merkilegt fyrir margra hluta sakir, t.d. var rekið þar bakarí um árabil. Árið 2004 var haldið íbúaþing í Súðavík þar sem framtíð Eyrardalsbæjarins var rædd. Þar komu fram afar skiptar skoðanir, en niðurstaða fundarins varð sú að leita allra leiða til að lagfæra húsið. Undanfarin þrjú ár hefur fé verið úthlutað frá fjárlaganefnd Alþingis til að endurbyggja Eyrardalsbæinn, en framkvæmdir við húsið hófust í fyrra og náðist þá að endurbyggja grunninn.

Setrið verður stofnað 15. september, eins og áður segir, og eru allir sem hafa áhugasamir hvattir til þess að mæta. Stofnfundurinn verður nánar auglýstur þegar nær dregur.

Bolungarvíkurkaupstaður

Ræstingar

Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir að ráða starfsfólk til ræstinga á stofnunun bæjarins. Stofnanirnar sem um ræðir eru leikskólinn Glaðheimar, Árborg, Tónlistarskólinn, félagsmiðstöðin Tópas og bæjarskrifstofan í Ráðhúsinu.

Starfssvið:

Starfið felst í ræstingum og þrifum ofangreindra stofnana. Möguleiki er að einn starfsmaður taki fleira en eina stofnun að sér. Greitt er samkvæmt uppmælingu.

Hæfniskröfur:

Reynsla af sambærilegu starfi æskileg. Við leitum að starfsmanni með lipra og þægilega framkomu, góða samskiptahæfileika, sem sýnir frumkvæði í starfi og hefur næmt auga fyrir hreinlæti og snyrtimennsku. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.

Umsóknarfrestur er til 3. september nk.

Upplýsingar gefur Halla Signý Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri Bolungarvíkurkaupstaðar í síma 450 7002 eða 898 7640.

Segir sjávarútvegsráðherra duglausan

Kristján Andri Guðjónsson, smábátasjómaður á Ísafirði, furðar sig á því að ekki skuli vera til peningur til að rannsaka aukna þorskveiði við Grænland og segir það sýna dugleysi sjávarútvegsráðherra. Fram kom í Morgunblaðinu að Hafrannsóknastofnun hafi ekki fjármagn til að senda rannsóknaskip sín til Grænlands. „Mér þykir það vera stórundarlegt að ekki sé til peningur til að rannsaka þessi miklu tíðindi“, segir Kristján.

Björn Ævarr Steinarsson, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnun, segir einnig í Morgunblaðinu að það sé skylda stofnunarinnar að fara í leiðangur til Austur-Grænlands en ekki séu til peningar hjá stofnuninni. „Ef það væri einhver dugur í Einari Kristni þá setti hann bara pening í þetta og skip væri sent á svæðið. Hann talar um að auka rannsóknir á lífríki hafsins en þegar stórtíðindi gerast þá eru ekki til peningar“, segir Kristján. Ennfremur segir hann að nú sé tíminn til að fara til Grænlands, gott veður sé á þessum slóðum og íslaust. „Það er hægt að moka peningum í handónýta ferju en ekki hægt að rannsaka hluti sem geta skipt okkur verulegu máli í framtíðinni.“

Á árum áður skiptu Grænlandsgöngur þorsks á Íslandsmið miklu máli fyrir íslenskt efnahagslíf og veiði úr göngunum skiptu þúsundum og tugþúsundum tonna. Nokkuð er síðan þorskstofninn hrundi og Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til að ekki yrði veitt úr honum að svo stöddu. Þýski togarinn Kiel, sem er í eigu dótturfélags Samherja, lenti í mokveiði við Austur-Grænland fyrir stuttu. Hann fékk 700 tonn af boltaþorski á einungis 10 dögum.

Fyrsti skóladagurinn í GÍ

Skólastarf hófst að nýju eftir sumarleyfi í Grunnskólanum á Ísafirði á mánudag. 490 nemendur eru í skólanum, sem er lítið eitt færri en í vor. Skólinn var formlega settur á föstudag fyrir viku og hittu þá nemendur kennara sína og skólafélaga sína á ný. Eflaust eru margir fegnir, börn sem og foreldrar, að lífið komist aftur í fastar skorður eftir ævintýri og leiki sumarsins. Framkvæmdir við grunnskólann eru áætlun en síðan verkið hófst í fyrrasumar hefur risið ný viðbygging við hlið gamla barnaskólans. Þá verður innan skamms sett hlið á Austurveg til að draga úr umferð við skólann, sem ætti að vera mörgum fagnaðarefni en þrátt fyrir akstursbann á skólatíma hafa ökumenn brotið bannið ítrekað í gegnum tíðina.

Aukið fé í jarðhitaleit Orkubús Vestfjarða

Í ræðu Össurar Skarphéðinssonar, iðnaðarráðherra, í tilefni af vígslu Tungudalsvirkjunar kom fram að aukið fé verður sett í jarðhitaleit á Vestfjörðum og að Ísafjarðardjúp verði tengt landskerfinu. Kristján Haraldsson, orkubússtjóri, segir ummæli ráðherra vera mjög ánægjuleg og mun verða framhald á jarðhitaleit Orkubúsins í Tungudal. Að sögn Kristjáns heppnaðist vígsla Tungudalsvirkjunar afar vel og var hann mjög ánægður með þátttöku almennings í vígslunni sem og afmæli Orkubúsins, en 30 ár eru síðan stofnfundur Orkubúsins var haldinn. Um það bil 300 manns mættu í Tungudal, eitt hundrað mættu á opið hús í Mjólkárvirkjun og eitthvað svipað í starfstöð Orkubúsins á Hólmavík. Kristján vill koma fram þökkum til allra þeirra sem mætti og fögnuðu þessum merku áföngum með starfsmönnum Orkubúsins.

Tungudalsvirkjun er 700 kílóvatta virkjun sem beislar vatn úr fossinum svokallaða í Vestfjarðagöngunum. Þegar fossinn opnaðist árið 1993 komu fram fyrstu hugmyndir um að virkja vatnið og árið 2005 var hafist handa við framkvæmdir og virkjunin gangsett í ársbyrjun 2006. Vatnasvið Tungudalsvirkjunar er óvenjulegt að því leyti að í henni er fyrst og fremst verið að nýta afrennsli Vestfjarðaganga auk grunnrennsli úr Tunguá.

Orkubú Vestfjarða hóf starfsemi sína 1. janúar 1978, með yfirtöku á rekstri Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patrekshrepps og þeim hluta Rafmagnsveitna ríkisins er var í Vestfjarðarkjördæmi. Ári síðar bættust við Rafveita Snæfjalla og Rafveita Reykjafjarðar og Ögurhrepps.

Orkubú Vestfjarða HF tók til starfa 1. júlí 2001 og tók þá við öllum eignum og skyldum sameignarfélagsins Orkubú Vestfjarða. Í upphafi var eignarhlutdeild óbreytt frá því sem var í sameignarfélaginu, en í apríl 2002 hafði ríkissjóður keypt allt hlutafé sveitarfélaganna og á nú allt hlutafé.

Boðið var upp á veitingar í tilefni dagsins.

Fjölmenni var við vígslu Tungudalsvirkunar á sunnudag.

Vilja Ratsjárstofnun til Bolungarvíkur

Bæjarráð Bolungarvíkur vill höfuðstöðvar Ratsjárstofnunar til Bolungarvíkur og hefur ítrekað þriggja ára gamla bókun bæjarstjórnar um uppsagnir starfsmanna Ratsjárstofnunar. Tilefnið er uppsagnir allra starfsmanna stofnunarinnar í kjölfar yfirtöku ríkisins á Ratsjárstofnun frá NATO, og endurskipulagning allrar starfseminnar. Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segir að tveir starfsmenn hafi verið í Bolungarvík og hafa þeir fengið uppsagnarbréf. Í bókuninni frá 2004 segir:

„Bæjarstjórn Bolungarvíkur leggur áherslu á að störfum fækki ekki í Bolungarvík og óskar eftir því að skoðað verði hvort mögulegt geti verið að öðrum ratsjárstöðvum á Íslandi verði fjarstýrt frá Bolafjalli í stað Miðnesheiðar. Einnig að skoðað verði hvort önnur störf á vegum Ratsjárstofnunar geti flust til Bolungarvíkur.“

Í fundargerð Bæjarráðs segir að það hafi komið fram í máli forstjóra Ratsjárstofnunar í kjölfar þessarar bókunar að það eina sem útilokaði flutning stjórnstöðvar stofnunarinnar til Bolungarvíkur væri krafa Bandaríkjamanna um að starfsemin væri á Miðnesheiði. Þar sem Íslendingar hafa tekið yfir þennan rekstur og í ljósi aðstæðna á Vestfjörðum þykir bæjarráðsmönnum það vera eðlileg krafa að stjórnstöð og höfuðstöðvar ratsjárstofnunar verði fluttar til Bolungarvíkur. Jafnframt segir að yfirlýsingar forstjóra Ratsjárstofnunar um vandkvæði við flutning stofnunarinnar á landsbyggðina standist ekki nánari skoðun.

Bæjarráð ítrekar jafnframt orð Einars Péturssonar, fyrrverandi bæjarstjóra Bolungarvíkur, frá árinu 2004 þar sem hann segir að framsýnum stjórnmálamönnum gefist þarna gott tækifæri til þess að sýna hvað þeir í rauninni meina með uppbyggingu starfa á landsbyggðinni.

– smari@bb.is

Hugmyndaríkar konur ... athugið!

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða auglýsir

Brautargengi á Patreksfirði

fyrir konur með viðskiptahugmyndir sem vilja hefja eigin atvinnurekstur

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:
- skrifi viðskiptaáætlun
- kynnist grundvallaratriðum varðandi stofnun fyrirtækja
- öðlist hagnýta þekkingu á mikilvægum þáttum í fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu og hentar jafnt konum sem eru að hefja rekstur og konum sem reka nú þegar fyrirtæki.

Kennsla hefst um miðjan september 2007.
Nánari upplýsingar og skráning á vefsíðu Impru, *www.impra.is*, eða hjá Arnheiði Jóhannsdóttur verkefnisstjóra í síma *460 7974*, *arnheidurj@nmi.is*.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

Dísa á Bökkunum

Herdís Albertsdóttir, Dísa á Bökkunum, ætti að vera Ísfirðingum og nærsveitamönnum vel kunn, en þessi merka kona mun halda upp á 99 ára afmæli sitt í nóvember næstkomandi. Dísa hefur búið í sama húsinu frá fæðingu, húsi sem stendur við Sundstræti, eða Bakkana, eins og gatan var kölluð áður fyrr. Níu af ellefu systkinum Dísu fæddust einnig í húsinu og fimmtán systkinabörn hennar. Húsið var byggt árið 1895 og byggt var við það árið 1932.

Blaðamaður Bæjarins besta varð þess heiðurs aðnjótandi að fara í hádegisheimsókn til Dísu í fylgd elsta langa-langömmusonar hennar, Hauks Sigurðssonar. Húsið sem Dísa býr í er lágreist og lítið og þegar inn er komið tekur á móti manni ómur úr útvarpinu, sem að sjálfsögðu er stillt á rás 1. Veggirnir í stofunni eru þaktir myndum af fjölskyldu Dísu og í eldhúsinu er marglitum kollum raðað kringum borðið.

Þangað til á síðasta ári eldaði Dísa alltaf heitan mat í hádeginu en hætti því vegna sjóndepru. Það er þó ekki komið að tómum kofanum hjá henni og hún býður Hauki að útbúa hádegismat. Gamla konan er á leið í hárgreiðslu upp á Hlíf og þar sem tíminn er af skornum skammti afráða Haukur og blaðamaður að fá sér harðfisk og norskt flatbrauð sem Dísa lumar á og dýrindis Guðbrandsdalsost með. Dísa fær sér hinsvegar nýtínd aðalbláber með rjóma og sykri. Flatbrauðið fékk Dísa sent frá frænda sínum sem hafði verið á ferð í Noregi.

–Færðu oft sent svona flatbrauð?

„Nei, ekki núorðið, áður og fyrr fékk ég voða oft svona brauð. Þegar tengdapabbi minn fór í norsku bátana fékk hann oft flatbrauð.“

Þetta segir Dísa að hafi verið um 1935 og norska flatbrauðið hafi vissulega verið munaðarvara, ásamt fleiru sem tengdafaðir hennar hafi fengið í norsku bátunum. Tengdafaðir hennar fluttist til Dísu þegar sonur hans, eiginmaður Dísu, lést. Það var árið 1934. Á þeim árum vann Dísa í Edinborgarhúsinu.

„Þá var verkaður fiskur þar. Ég keyrði fisk á Edinborgarbryggjunni, sem var þá. Við vorum tvær stúlkur sem keyrðum vagna sem voru á spori. Fiskurinn var látinn í vagnana á bryggjunni þegar búið var að taka hann upp úr bátunum. Síðan var hann keyrður inn í hús. Ég vann þar einnig við að snúa fiski og keyra kol og salt í togarana sem komu að landi. Kolin voru öðru megin í húsinu og salt hinu megin. Það varð að passa það þegar maður kom frá því að fylla á vagnana að enginn hafi verið að fikta við sporið. Vagnarnir vildu stundum fara útaf og ultu þeir þá. Það var þó allt í lagi. Við vorum með góðan planka sem við settum innundir vagninn og smá ýttum honum upp þangað til hann komst aftur á teinana. Þegar vagnarnir ultu kallaði Eiríkur verkstjóri á strákana: „Gvendur, Ninni, Guðmundur, Bósi! Hjálpið nú stelpunum, það er farið útaf hjá þeim.“ Þá svöruðu strákarnir: „Við þurfum þess ekki, þær klára sig.““

–Ertu búin að koma í Edinborgarhúsið núna, eftir að því hefur verið breytt?

„Nei, ég hef ekkert komið þangað nema einu sinni, þá var málverkasýning á efri hæðinni.“

Haukur skýtur því inn í að nú vinni hann í sama húsi og langa langamma sín vann í áður, en hann vinnur á Vesturferðum.

„Já, já“, segir Herdís, „það er þar sem vélsmiðjan var. Þá var fiskurinn hengdur upp á loftinu og vélarnar fóru í gang niðri og hitinn af þeim notaður til þess að þurrka fiskinn. Þessar vélar komu frá Viðey í Reykjavík. Það var Kveldúlfsfélagið sem átti þær.

Á þessum tíma var líka brædd síld á Hesteyri og þá fóru togararnir þangað til að landa. Meðal annars var unnið í rauða húsinu sem stendur nú á höfninni á Ísafirði. Það var flutt að norðan. Ég fór á Hesteyri einu sinni að vinna í einn mánuð. Það vantaði þangað manneskju. Það var engin vinna í Edinborg og verkstjórinn spurði hvort ég vildi ekki fara norður á Hesteyri. Ég sagði að ég gæti það vel þar

sem engin vinna væri í Edinborg. Svo ég fór og hjálpaði Mildiríði Falsdóttur úr Bolungarvík við störf í eldhúsinu. Þetta var yfir sumarið og þarna unni Jói Júl og fleiri. Já, það var margt gert.“

Talið berst aftur að norska flatbrauðinu og þá kemur á daginn að Herdís talar norsku vel, enda var eiginmaður hennar hálfur Norðmaður.

„Einhverju sinni var verið að losa norskan línuveiðara niðri í Edinborg og stýrimaðurinn kom á bryggjuna til okkar. Rifrildi hafði hafist upp vegna verkunarinnar á fiskinum og stýrimaðurinn ætlaði að kenna mér um mistökin. Ég sagði bara: „Gå om bord, du behöver ikke komme her ned på kajen og snakke med meg. Ikke bruke kæft ved Islenning!“ Það þýddi ekkert að rífa kjaft við mig.“

Fuglinn Gári fylgist með úr búri sem stendur á eldhúsborðinu. Dísa segist ekki eiga fuglinn heldur sé hann í pössun hjá henni. Hann hafi hinsvegar verið lengi í pössun, minnsta kosti í átta ár.

„Hann hefur það ágætt“, segir Dísa og reynir að vekja athygli fuglsins með að sveifla lítilli kúlu sem er í búrinu. Gári látur sér fátt um finnast og speglar sig heldur í litlum spegli. „Hann nennir ekkert að leika sér, hann vill bara spegla sig, hann er svo montinn, hann Gári.“

Haukur býður upp á mjólkurglas og Dísa segir að hann verði að drekka allavega eitt glas af mjólk þegar hann borði hjá sér.

„Þegar hann var í menntaskólanum kom hann hérna alltaf í hádeginu og hann vildi alltaf vera með vatnsglas. Ég sagði honum að hann yrði að drekka mjólk, annars fengi hann engan mat hjá mér. Það þurfa allir að drekka mjólk til að fá kalk í beinin. Hann kom að borða hjá henni langalöngu. Það voru stundum margir í mat.“

–Hvað áttu marga afkomendur, hefurðu tölu á því?

„Ég á 17 eða 18 langa langömmubörn. Ég á eina dóttur, fimm ömmubörn og tíu langömmubörn.“

–Þetta er engin smá hersing.

„O nei, og ég átti bara eina dóttur.“

Fjölmiðlar hafa lengi sýnt Dísu áhuga og hún segir frá því að hún hafi verið í sjónvarpinu kvöldinu áður, í þættinum Willtir Westfirðir. Þá sýnir hún blaðamanni ljósmyndabók sem er prýdd mynd af henni.

„Ég fékk þessa bók senda frá Sviss, það eru í henni voða margar fallegar myndir og svo ein mynd af mér og ein af Finnboga Bernódussyni í Bolungarvík. Hann er algallaður til þess að fara á sjóinn.“

Dísa virðist ekki kippa sér upp við þessa athygli sem henni er sýnd og gefur blaðamanni góðfúslega leyfi til að taka mynd af sér.

Haukur spyr hvor Torfhildur Torfadóttir, elsti Vestfirðingurinn, komi enn að heimsækja Dísu.

„Nei, hún kemur ekki lengur, en við erum gamlar vinkonur. Hún Torfhildur er orðin 103 ára gömul, fædd 24. maí, 1904. Ég veit það, við vorum alltaf saman. Hún átti heima hérna niðurfrá.“

Það er greinilegt að Dísa hefur engu gleymt og er mikill fróðleiksbrunnur um gömlu

dagana. Hádegishléinu er lokið og komið er að sækja Dísu í hárgreiðslu. Þessi 99 ára gamla kona er með allt sitt á hreinu og fylgist vel með úr litla gula húsinu á Bökkunum.

– tinna@bb.is

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 30. ágúst - 2. sept.

1.238 kr/kg
Verð áður 1.656 kr/kg
25% afsláttur
Dönsk ofnsteik

1.398 kr/kg
Verð áður 1.998 kr/kg
30% afsláttur
Víkinga lambalæri með karrý & kókos

1.028 kr/kg
Verð áður 1.585 kr/kg
35% afsláttur
Skólaskinka

419 kr/kg
Verð áður 609 kr/kg
31% afsláttur
Kjúklingalæri með legg. Magnkaup

299 kr/stk
Verð áður 379 kr/stk
BKI - kaffi classic

399 kr
Verð áður 475 kr
Kellogg's Special K 750 gr

109 kr
Verð áður 178 kr
Egils mix 2 lítrar

139 kr
Verð áður 199 kr
Trópi 3 í pk epla og appelsínu

99 kr/kg
Verð áður 149 kr/kg
Melóna gul

Samkaup úrval

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 30. ágúst - 2. sept. • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötborð eru á staðnum

Frístundakort í skoðun hjá Ísafjarðarbæ

„Frístundakort eru eitt af því sem er verið að skoða hjá Ísafjarðarbæ“, segir Halldór Halldórsson bæjarstjóri. Umrætt atriði er í rúmlega ársgömlum málefnasamning meirihluta bæjarstjórnar. Halldór segir að þetta hafi verið skoðað en engin vinna komin í gang við að koma þessu á laggirnar. „Það er nú ekki mikil vinna að gera þetta. Fyrst og fremst tengist þetta fjárhagi. Í dag greiðum við háar fjárhæðir til íþróttafélaganna og frístundakort er tilfærsla á fjármunum.“ Halldór segir að þar sem hann hafi kynnt sér frístundakort hafa sveitarfélög farið þá leið að lækka bein framlög til íþróttafélaganna en þau fá þá peninga í gegnum notendurna. Hann bendir á að frítt sé í sund fyrir börn og unglinga, sextán ára og yngri. Reykjavíkurborg tók nýverið upp frístundakort og frá og með 1. september n.k. mun Bolungarvíkurkaupstaður taka þau upp.

Ritstjórnargrein

„Hvar á Orkubú Vestfjarða heima?“

Síðastliðinn sunnudag var Tungudalsvirkjun Orkubús Vestfjarða formlega tekin í notkun við hátíðlega athöfn, með því að iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, gangsetti virkjunina, en auk hans flutti Kristján Haraldsson, orkubússtjóri ávarp. En það bar fleira upp á daginn. Þrjátíu ár voru liðin síðan sameignarsamningur um Orkubú Vestfjarða var undirritaður af þáverandi iðnaðarráðherra, Gunnari Thoroddsen, og fulltrúum vestfirskra sveitarfélaga. Tímamótanna var einnig minnst í Mjólkárvirkjun í Arnarfirði og OV á Hólmavík.

Þrátt fyrir að skiptar skoðanir hafi verið uppi um stofnun Orkubús Vestfjarða á sínum tíma blandast fáum hugur um að fyrirtækið hefur um langan tíma verið stolt Vestfirðinga. Á hátíðarstundu finnst mörgum að það skyggi á tímamótin, að Orkubúið er ekki lengur í eigu Vestfirðinga.

Salan á OV kom ekki til af góðu. Sveitarfélögunum var stillt upp við vegg og þau neydd til að selja ríkinu eignarhluta sinn í fyrirtækinu vegna slakrar fjárhagsstöðu, sem ekki síst var tilkomin vegna skulda við Íbúðalánasjóð vegna félagslega íbúðarkerfisins, sem ríkið ákvað sig stikkfrítt af, þegar á reyndi. Eftir yfirtöku ríkisins kom glögglega í ljós ríkur vilji þáverandi ráðherra orkumála fyrir því að færa Orkubúið undir önnur orkufyrirtæki, sem greinilega stóðu hjarta ráðherrans nær. Um þetta brölt hafði núverandi sjávarútvegsráðherra þau orð, að þetta gengi þvert á samkomulag (heimamanna) „við stjórnvöld (sem) ekki (væru) þekkt að öðru en virða gerða samninga.“

Í október 2002 reit Einar Oddur Kristjánsson, þáverandi alþingismaður, grein sem hann kallaði „Hvar á Orkubú Vestfjarða heima?“ Þar sagði hann meðal annars.: „Á liðnu sumri talaði iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir, mjög fyrir þeirri hugmynd að sameina Orkubú Vestfjarða Rafmagnsveitum ríkisins og Norðurorku á Akureyri. Ég hef mótmælt hugmyndum hennar harkalega alls staðar, *af þeirri augljósu ástæðu, að sameiningin yrði ríkinu til einskis ávinnings en Vestfjörðum til óendanlegs tjóns.*“ (Leturbr.BB) Þrátt fyrir þessi eindregnu mótmæli, auk fjölda annarra, liggur fyrir Alþingi frumvarp (fyrri) ríkisstjórnar um að Orkubúið og RARIK renni inn í Landsvirkjun. Síðasti iðnaðarráðherra þeirrar stjórnar kvað þetta einungis bókhaldatriði!

Við vígslu Tungudalsvirkjunar mun iðnaðarráðherra hafa látið orð falla á þá leið, að hver sem staða Orkubús Vestfjarða yrði í framtíðinni þá myndi hann berjast eins og ljón fyrir því að starfsfólki fyrirtækisins á Vestfjjörðum fækkaði ekki. Þetta er ekki nóg. Ráðherrann verður leggjast á sveif með heimamönnum og efla Orkubú Vestfjarða sem sjálfstætt opinbert fyrirtæki undir forsjá heimamanna. Allt annað er skref aftur á bak.

s.h.

Á þessum degi fyrir 48 árum

Ögurkirkja 100 ára

Kirkjan í Ögri við Ísafjarðardjúp á í dag 100 ára afmæli. Er þess minnst með hátíðaguðsþjónustu í kirkjunni og prédikar séra Jón Auðuns, dómprófastur. Kirkjan í Ögri, sem er allstór timburkirkja var reist árið 1859 af hjónunum Þuríði Þiðriksdóttur og Hafliða Halldórssyni. Er hún hið stæðilegasta guðshús og mun á sínum tíma hafa verið meðal stærstu sveitakirkna á Íslandi. En áður var torfkirkja í Ögri. Ögurkirkjan hefur undanfarið verið máluð að utan og innan. Einnig hafa kirkjunni borizt ýmsar gjafir í tilefni af 100 ára afmæli hennar. Er gert ráð fyrir að margir verði við messu á hinu forna höfuðbóli að Ögri í dag. Að lokinni guðsþjónustu mun Kristján Jónsson frá Garðstöðum rekja sögu kirkjunnar.

Til hamingju Vesturbyggð!

Það hlýtur að vera gæfa hvers sveitarfélags að því sé stjórnað af fólki sem þekkir sinn vitjunartíma. Samhljóða samþykkt sveitastjórnamanna Vesturbyggðar á skipulagi bæjarfélagsins þar sem opnað er á þann möguleika að reisa þar olíuhreinsistöð sýnir að sveitarstjórnarmenn/konur þar á bæ þekkja hann. Manni sýnist að þar skipti ekki máli hvort sveitarstjórnarmaður sitji í meiri eða minnihluta allir eru sér meðvitaðir um nauðsyn þess að skapa atvinnutækifæri, sem gætu snúið við þeirri þróun sem við Vestfirðingar höfum allt of lengi horft á.

Burtséð frá því, hvort á Vestfjörðum eigi eftir að rísa olíuhreinsistöð, finnst mér það vera skylda kjörinna og ráðinna fulltrúa að tala ekki gegn hugsanlegum framkvæmdum eða uppbyggingu atvinnutækifæra, heldur taka öllum möguleikum með opnu hugarfari og vilja til að skoða málin niður í kjölinn. Þar finnst mér því miður nokkuð skorta á hjá sumum kjörnum fulltrúum Ísafjarðarbæjar.

Olíuhreinsistöð

Því er spáð að jarðefnaeldsneyti verði eftir sem áður megin orkugjafi jarðarbúa næstu 20-30 árin. Jarðolía er hráefni sem þarf að fullvinna til að hún geti orðið að nýtanlegri vöru. Við vinnslu hennar verður til koldíoxíð rétt eins og þegar þessari nýtanlegu vöru (eldsneyti) er brennt á síðari stigum í bílvélum, flugvélum, skipsvélum, vélum til að framleiða rafmagn og þegar því er brennt til húsahitunar.

Hvort olía sé hreinsuð/unnin á Íslandi eða í einhverju öðru landi skiptir ekki nokkru máli þegar litið er á mengun af völdum hennar. Vandamálið hlýnun jarðar sem talin er stafa af völdum s.k. gróðurhúsalofttegunda (þar á koldíoxíð stærstan þátt) er hnattrænt! Sjálfur treysti ég Íslendingum manna best til að fylgja eftir rekstri „mengandi“ fyrirtækja þannig að skaðsemi þeirra verði í lágmarki.

Mér finnst gæta nokkurs tvískinnungs hjá okkur Íslendingum þegar við óskum þess að hér við land finnist olía, væntanlega til þess að auka þjóðartekjurnar, en á sama tíma finna sumir okkar því allt til foráttu að hér verði olía hreinsuð/fullunnin. Það má rétt, vera að Íslendingar eigi ekki kolefniskvóta sem leyfir byggingu olíuhreinsitöðvar hér á landi, en vert er að benda á, að allt er í heiminum falt og hver segir að þau fyrirtæki sem vilja reisa hér slíka stöð komi ekki með kvótann með sér?

Vestfirðir

Strjálbýll landshluti, lítið undirlendi, vogskornar strendur, mikil náttúrufegurð, matarkista þjóðarinnar í gegnum aldirnar, úti fyrir ströndum fengsæl fiskimið, þar býr duglegt fólk sem hefur sótt sitt af harðfylgi og elju.

Njóta mikillar umhyggju landsfeðranna! Það hyllir

Þorsteinn Jóhannesson.

undir vegi með bundnu slitlagi, rúmum 30 árum eftir að hringvegurinn var opnaður og meira að segja hægt að komast í GSM samband sumstaðar. Hvergi í heiminum er betra að búa. Það vantar samt eitthvað. Já það skortir atvinnutækifæri, það þarf meiri hugmyndaauðgi, það mætti vera meiri samstaða íbúa og sveitarstjórna og síðast en ekki síst vantar okkur meiri trú á okkur sjálf.

Margir segja að fiskurinn hafi gert Vestfirði að því sem þeir eru og er það á vissan hátt rétt. Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar voru meðaltekjur Vestfirðinga þær hæstu á landinu, þökk sé fiskinum. Við upphaf 21. aldar eru meðaltekjur Vestfirðinga næstlægstar „þökk“ sé fiskinum. Meðan við máttum veiða eins og við gátum stóð engin okkur á sporði, hér var myljandi atvinna og allir höfðu nóg. Mitt í öllu þessu gleymdu Vestfirðingar því að lífið gæti ekki orðið fiskur um alla framtíð og sváfu af sér þá þróun sem átti sér stað í öðrum byggðarlögum. Auðvitað hjálpuðu stjórnvaldsaðgerðir til, sem Vestfirðingar voru of seinir að átta sig á. Tvær hliðar eru á hverri krónu og eins geta stjórnvaldsaðgerðir gengið í báðar áttir.

Ég tel að nú sé lag á læk, fiskurinn sem sagður er vera ekki til ætti ekki að byrgja okkur sýn og hamla framþróun nýrra hugmynda. Það er trú mín að enn séu þeir Vestfirðingar til sem byggt geti upp öflug atvinnufyrirtæki sem eiga eftir að treysta byggð hér vestra og gera búsetu hér enn eftirsóknarverðari.

Að lokum

Meðan ekkert annað er í boði treysti ég mér ekki til að leggjast gegn byggingu olíuhreinsi-/vinnslustöðvar á Vestfjörðum, en áður en lengra er haldið finnst mér þó að þeir einstaklingar sem komu með hugmyndina um byggingu slíkrar stöðvar skuldi okkur Vestfirðingum nánari skýringa, hvað að baki hugmynda þeirra liggi, svo sem fjármagn o.fl.

Sjálfur vildi ég miklu frekar sjá mörg smáfyrirtæki vaxa hér og dafna í skjóli vestfiskrar fjalla. Fyrirtæki sem væru vistvæn og myndu skapa fjölbreytt atvinnulíf. Þessara fyrirtækja hefi ég beðið í 15 ár! Höfum við efni á að bíða í önnur 15?

Þorsteinn Jóhannesson, læknir Ísafirði.

MÍ fer eftir reglum um starfstíma

Menntaskólinn á Ísafirði fer eftir reglum um starfstíma framhaldsskóla og hafa kennslu- og prófdagar við skólann verið jafn margir og segir til um í reglugerð um starfstíma framhaldsskóla. Þar segir að kennslu- og prófdagar skuli ekki vera færri en 175, en í athugun Hagstofunnar reyndust kennslu- og prófdagar vera færri en 175 í 13 framhaldsskólum á Íslandi á síðasta skólaári.

Í lögum um framhaldsskóla segir að árlegur starfstími nemenda skuli eigi vera styttri en níu mánuðir, þar af skuli kennsludagar ekki vera færri en 145. MÍ hefur haldið þessa reglu og gott betur, síðustu ár hafa kennsludagar jafnvel farið upp í 148 á skólaári.

Heildarfjöldi vinnudaga kennara við MÍ á skólaárinu 2006-2007 reyndist vera 179 og er það litlu undir landsmeðaltali sem var 180.

Menntaskólinn á Ísafirði.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* – Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, *tinna@bb.is* – Smári Karlsson, sími 866 7604, *smari@bb.is* · Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, sími 863 7655, *halfdan@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*
Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ·
Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

PÓSTLISTINN
bonus.is
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
898
Merkt verð 998 kr.
Frosnar EUROSHOPPER kjúklingabringur
EUROSHOPPER
kjúklingabringur
1298
kílóverð
Kryddlegnar svínakótelettur
AFSLÁTTUR
40%
VIÐ
KASSANN
40%
afsláttur
Svínakótelettur
grillkryddaðar
kílóverð nú:
1019
Merkt verð 1698 kr.
Súkkulaði
ÍS
2 lítrar
179
Vanillu
ÍS
Hálf djöflaterta
298
445g
Dujardin
Jarðarber frosin
129
Frosin jarðarber 450g
Bónus býður betur!
EUROSHOPPER
grænmeti í kílópakkningum
Frosið grænmeti
kílóverð nú:
198
Kílópakkning: Brokkolí + brokkolíblanda
Sjáðu verðið!
40%
afsláttur
Stoltið hans Stjána bakara!
500g
59
smjörlíki
KF frosin blóðmör
kílóverð nú:
326
Merkt verð 561 kr.
KF frosin lifrarpylsa
kílóverð nú:
337
Merkt verð 561 kr.
EKKERT BRUÐL
Innflutt ferskt ungnautahakk
Ferskt innflutt
ungnautahakk
859
kílóverð
Ferskt innflutt
ungnautahakk
FERSKAR KJÖTVÖRUR
Kornbrauð
BÓNUS
HEILT KÍLÓ!
26
SNEIÐAR
Kílóbrauð!
98
kr
Kornbrauð

Karl kjörinn formaður Vestnorræna ráðsins

Vestnorræna ráðið kaus í síðustu viku Karl V. Matthíasson, þingmann Samfylkingarinnar í NV-kjördæmi og formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, formann ráðsins á 10 ára afmælisársfundi ráðsins sem haldinn var í Nuuk á Grænlandi. Karl tekur við embættinu af Jonathan Motzfeldt, forseta grænlenska Landsþingsins. Karl sagði í ræðu sinni er hann tók við embættinu, að hann myndi leggja höfuðáherslu á fjögur málefni í formannstíð sinni. Hann sagðist myndi fylgja eftir þeirri vinnu sem Jonathan Motzfeldt hefur ýtt úr vör um að fá Evrópusambandið til að beina í auknum mæli sjónum sínum að þeim vandamálum sem skapast hafa í og við Norðurskautið vegna hlýnunar, þar sem ESB hefur verið helst til áhugalaust um málefni Norðurskautsins.

Gefið í skyn að fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar sé í nöp við hestamenn í Dýrafirði

Forsvarsmenn Knapaskjóls ehf., rekstrarfélags hinnar nýju reiðhallar á Söndum í Dýrafirði, eru mjög ósáttir við álagningu fasteignagjalda og vinnubrögð fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar. Kemur þessi óánægja skýrt fram í bréfi sem Steinar R. Jónasson sendi fyrir hönd félagsins til Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra. Þar er farið hörðum orðum um afgreiðslu fjármálastjórans á erindi félagsins um ívilnun á fasteignagjöldum vegna reiðhallarinnar, og gefið í skyn að honum sé í nöp við hestamenn í Dýrafirði. Þórir Sveinsson fjármálastjóri svarar þessum ásökunum í bréfi til bæjarstjóra. Segir hann ómaklega að sér vegið og vísar því sem hann kallar „órökstuddum fullyrðingum og dylgjum Steinars“ alfarið á bug.

Í bréfi sínu segir Steinar að félagið hafi sent inn beiðni um ívilnun fasteignagjalda þann 24. febrúar. Því erindi hafi þrátt fyrir margar ítrekanir ekki verið svarað fyrr en 10. júlí þegar fjármálastjóri óskaði eftir að skilað yrði inn gögnum svo unnt sé að taka afstöðu til erindisins. „Það er ekki með nokkru móti hægt að skilja hvað hann á við þar sem reiðhöllin var reist á haustmánuðum 2006 og tekin formlega í notkun í lok mars á þessu ári. [...] Álögð gjöld ársins voru kr. 260.502 en voru leiðrétt eftir margítrekaðar beiðnir þar um vegna holræsagjalds, en félagið hafði keypt lagnir og rotþró og var hún sett niður í sjálfboðavinnu“, segir m.a. í bréfi Steinars.

Um þetta segir Þórir að erindi um leiðréttingu á vatns- og holræsagjöldum hafi borist 15. júní og verið afgreitt þremur dögum síðar. „Varðandi umsókn félagsins um styrk til greiðslu fasteignagjalda fékk undirritaður erindið formlega til sín 5. júlí sl. og skrifaði forsvarsmanni Knapaskjóls ehf. bréf þann 10. júlí þar sem óskað var upplýsinga um

Steinar R. Jónasson.

tekjur af starfseminni á sama hátt og reglur um styrkveitingar til félagasamtaka kveða á um og sem önnur félagasamtök hafa virt. Það skal tekið fram að bréfritari (Steinar) hefur aldrei haft samband við undirritaðan símleiðis varðandi þetta mál og nefnir hann ekki hverja starfsmenn Ísafjarðarbæjar hann hefur haft samband við“, segir Þórir Sveinsson í svarbréfi sínu.

Steinar gefur í skyn að Þóri sé í nöp við hestamenn í Dýrafirði og segir hann ekki gæta jafnræðis. „Einnig langar mig að benda á að ekki er gætt jafnræðis í tillögu fjármálastjóra um hvaða hesthús skuli fá afslátt af fasteignagjöldum og hver ekki. Ekki veit ég hvort fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar er í nöp við hestamenn í Dýrafirði eða ekki en það virðist samt svo vera“, segir Steinar og segir að hestamenn í Hnífsdal hafi fengið leiðréttingu og aðlögunartíma vegna sinna fasteignagjalda. „Ekki veit ég hvað vakir fyrir fjármálastjóra en það læðist sá grunur að mér að hann hafi skoðað álagningu á húsunum á Söndum áður en hann setti lágmarks upphæð á nýju reglurnar sem hann samdi. Svo treystir hann á að menn segi ekkert og borgi. Það eru ekki allir tilbúnir að standa í þrasi við hann og sækja rétt sinn, en svona framkoma er með öllu ólíðandi og klárlega er hann að brjóta á fólki í Dýrafirði. Hvort það sé ætlun hans eða ekki verður hann að eiga við eigin samvisku.“

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði. Forsvarsmenn Knapaskjóls ehf., rekstrarfélags hinnar nýju reiðhallar á Söndum í Dýrafirði, eru mjög ósáttir við álagningu fasteignagjalda og vinnubrögð fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar.

Þórir segir í svarbréfi sínu að fasteignamat hesthúsanna í Hnífsdal virðist mun hærra en í Dýrafirði og fasteignagjöld þar af leiðandi hærri. „Í ljósi ofangreinds og þeirra gagna sem liggja fyrir um málið er órökstuddum fullyrðingum og dylgjum Steinars R. Jónassonar, forsvarsmanns Knapaskjóla ehf., vísað alfarið á bug“, segir Þórir í bréfi sínu. Bæjarráð hefur falið bæjarstjóra að ræða við Steinar R. Jónasson.

– halfdan@bb.is

Ferðamálasamtökin gefa út gönguleiðakort

Ferðamálasamtök Vestfjarða standa að útgáfu göngu- og útivistarkortaraðar og fékk Kristján Möller samgönguráðherra fyrstu fjögur kortin í hendurnar. Það voru Sævar Pálsson, formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða, og Björn Samúelsson, formaður ferðamálafélags Reykhóla og Dala, sem afhentu samgönguráðherra kortin. Kortin sýna göngu- og reiðleiðir á Vestfjörðum og í Dölunum og stefnt er að því að þau verði alls sjö talsins. Kortin fjögur sem þegar eru komin út sýna gönguleiðir í Reykhólahreppi og Gilsfirði, á Ströndum og í Dölunum, Vesturbyggð og Tálknafirði. Að sögn Sævars lá beint við að hafa Dalina með á kortunum. „Skörun svæðanna er svo mikil að það hentaði vel að hafa Dalina með.“

Þau kort sem á eftir að gefa út munu sýna gönguleiðir á norðanverðum Vestfjörðum, Hornströndum, Ísafjarðardjúpi og Ströndum. Við gerð kortanna var byrjað á því að uppfæra kortagrunn landmælinga með aðstoð heimamanna. „Gerð seinni kortanna er hafin og við erum að leita að fólki til að vinna að kortunum með okkur“, segir Sævar. Þeir sem þekkja til á ofantöldum svæðum eru beðnir um að koma með ábendingar um skemmtilegar gönguleiðir.

– tinna@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Áform ríkisstjórnar?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Nú eru hveitibrauðsdagar ríkisstjórnarinnar um það bil að renna út, en margir stjórnmálaskýrendur telja að eðlilegt sé að ný ríkistjórn fái 100 daga í friði til þess að sýna hvað í henni býr og undirbúa verk kjörtímabilsins. Reyndar hefur stjórnarandstaðan hvorki æmt né skræmt. Hún virðist afar máttlítil og mætti halda að í sumar hefði hún verið í öndunarvél, en því ástandi hlýtur að fara að ljúka senn. Engri ríkisstjórn er hollt að búa við veika stjórnarandstöðu. Frjálslyndi flokkurinn á nóg með innanflokksvandamál, sem tengjast fyrrum þingmanni hans. Rétt er það svo sem að öðrum komi ekki við með hverjum hætti þau eru leyst.

Með sömu rökum mætti halda því fram að engum nema stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar komi það við hvernig hún hyggst standa við kosningaloforðin og þau sem lofað var í stjórnarsáttmálanum. Slíkur einfaldur heimur er draumsýn og þjóðin hefur fylgst með því hvernig einstakir ráðherrar hafa tekið á málum. Utanríkisráðherra hefur látið til sín taka og farið víða um heim og brýnt heiminn og Íslendinga á því hve brýnt sé að sinna skyldum Íslendinga gagnvart heimsbyggðinni og taka þátt í lausn vandamála annarra ríkja. Hún segir að við megum ekki sitja hjá þegar heimurinn allur eigi í hlut. Er auðvelt að fallast á þau rök.

En hvað með landsbyggðina á Íslandi, eða öllu heldur þann hluta hennar sem á undir högg að sækja? Þá er verið að tala um Vestfirði, Norðurland vestra og þann hluta Norðurlands sem tilheyrir norðausturhorninu. Kvótaskerðingin hefur komið illa við þessi svæði sem eiga ekki í önnur hús að venda en þau, sem eitt sinn tengdust sjávarútvegi og fiskveiðum, en lokast nú hægt og bítandi vegna rekstrarerfiðleika, sem að hluta rekja rót sína til þess að minna má veiða af þorski en nokkru sinni fyrr. Við tilheyrum heiminum líka gætu íbúar þessara svæða hæglega sagt. Ekki er verið að bera vanda þeirra saman við þann sem ríkir í Palestínu eða Afríku, en að sínu leytinu er hann þessu fólki alvarlegur ekki síður en erfiðleikar þeirra sem búa á fyrrnefndu svæðunum.

Að sjálfsögðu vona íbúarnir að brátt sjáist hverjar úrlausnir ríkisstjórnin ætlar þeim á næstunni. Þeir eiga allt sitt undir því að vel takist til. Velgengni í efnhagslífi á Íslandi hefur vissulega gagnast þjóðinni allri, þótt ekki sé dreifingin jöfn. En svæðin sem talin voru að framan hafa setið hjá að sumu leyti, en því má ekki gleyma heldur að draga má þá ályktun af hárri hlutfallslegri álagningu fjármagnstekjuskatts á Vestfjörðum að hluti Vestfirðinga hafi náð drjúgum skerfi af efnahagsárangri þjóðarinnar. En ætla má að fjöldinn segi aðra sögu.

Við þurfum skýrar línur og greið svör um það hvernig og hvort Vestfirðingum og öðrum í sömu sporum sé ætlað að reiða af meðan þorskurinn er í fríi.

Skarphéðinn að hæta sem skólastjóri

Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri grunnskólans á Ísafirði, þótti hæfastur af yfir 20 umsækjendum um stöðu forstöðumanns velferðar- og skólaþjónustu á Álftanesi og hefur bæjarráð Álftaness samþykkt að ganga til samninga við hann. Skarphéðinn staðfesti við blaðið að hann væri í samningaviðræðum um starfið. Staða forstöðumanns velferðar- og skólaþjónustu er ný og því laus nú þegar. Yfir 20 manns sóttu um starfið og var tillaga um að Skarphéðinn verði ráðinn gerð samkvæmt ráðgjöf fulltrúa ráðgjafafyrirtækisins Hagvangs. Að sögn Skarphéðins mun hann segja upp störfum við grunnskólann á Ísafirði náist samningar og hefur hann þriggja mánaða uppsagnarfrest.

Brotajárn flutt til Reykjavíkur

Brotajárn sem safnast upp hjá sorpbrennslunni Funa á Ísafirði verður væntanlega flutt til Reykjavíkur þar sem því verður fargað. Eins og staðan er um þessar mundir er mikið af timbri og dekkjum við Funa sem á eftir að farga og því er ekki mikið pláss fyrir brotajárn á svæðinu. Heppilegast þykir að flytja það burt með gámum. Málmendurvinnslan Fura ehf. og endurvinnslan Hringrás ehf. í Reykjavík hafa boðið í förgun brotajárns og spilliefna frá Funa.

Grunnskólinn á Ísafirði.

Boðin deildarstjóra-staða á sömu launum

Ekki verður orðið við þeirri ósk stjórnenda Grunnskólans á Ísafirði að uppsögn Jónu Benediktsdóttur, fyrrverandi aðstoðarskólastjóra, verði dregin til baka. Jónu var þó aftur boðin staða deildarstjóra sem koma á í stað stöðu aðstoðarskólastjóra, og að þessu sinni á þeim launum sem hún áður hafði. Jóna hefur hafnað þessu boði þar sem hún hefur gert aðrar áætlanir. Þetta kom fram á fundi bæjarráðs þar sem lagt var fram bréf bæjarstjóra, merkt trúnaðarmál, varðandi stöðu aðstoðarskólastjórans. Bæjarráð aflétti trúnaði af bréfinu eftir afgreiðslu málsins.

„Í umræðunni hefur komið fram að sparnaður vegna þessara skipulagsbreytinga muni ekki nást fram á þeim tíma sem upphaflega var lagt upp með. Einnig kom fram að lítill munur er á eðli starfsins hvort sem starfsheitið er aðstoðarskólastjóri II eða deildarstjóri“, segir í bréfinu.

„Skipulagsbreytingin sem slík er til þess að einfalda stjórnkerfið og vera með einn skólastjóra og staðgengil hans en ekki tvo aðstoðarskólastjóra. Eftir að sameiginlegur skilningur að mati undirritaðs kom fram á þessu gerði hann Jónu Benediktsdóttur það tilboð að sömu laun yrðu greidd fyrir deildarstjórastöðuna. Eftir umhugsun ákvað Jóna að hafna því boði enda búin að gera ýmsar áætlanir frá því að fyrir lá að hún myndi hætta störfum sem aðstoðarskólastjóri II þar sem staðan var lögð niður. Undirritaður óskaði eftir samstarfi við Jónu vegna verkþátta sem hugsanlega munu standa út af og tók hún vel í að skoða það“, segir meðal annars í bréfi bæjarstjóra.

Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúi Í-lista, lét bóka óánægju sína með afgreiðslu málsins. Bókun Sigurðar er svohljóðandi: „Ég lýsi yfir vonbrigðum með niðurstöðu bæjarstjóra í málefnum grunnskólans og að ekki skuli hafa verið farið að ósk skólastjórnenda sem fram kom í bréfi þeirra 5. ágúst sl. þar sem þeir óskuðu þess að uppsögn aðstoðarskólastjóra yrði afturkölluð. Það er ljóst að ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar um uppsögn aðstoðarskólastjóra mun hvorki skila fjárhagslegum ávinningi fyrir bæjarsjóð né bæta faglegt starf skólans.“

Meirihluti bæjarráðs vísaði á móti í stefnuræðu bæjarstjóra með fjárhagsáætlun yfirstandandi árs þar sem segir: „Gerðar verða skipulagsbreytingar á stjórnun Grunnskólans á Ísafirði þannig að þar starfi einn aðstoðarskólastjóri í stað tveggja. Er það í samræmi við skipulag flestra annarra skóla landsins og stuðlar bæði að hagræðingu og markvissara stjórnkerfi.“ *– halfdan@bb.is*

Fjölga þarf störfum á Vestfjörðum

Undirritaður setti fram tillögu í ársbyrjun 2003, um að náttúruverndarsinnar sem vildu að hætt yrði við Kárahnjúka og álver eystra, kæmu vestur og sköpuðu þar þau 700 störf sem þeir sögðust skapa fyrir austan ef hætt yrði við framkvæmdir þar. Ekki hefur bólað á þeim störfum ennþá. Sú viðleitni hefur þó verið sýnd að benda bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar á að undirbúa hvalaskoðun vestra.

Í framhaldi af tillögunni ákváðu sveitarfélög á Vestfjörðum að undirbúa skilgreiningu á Vestfjörðum sem svæði er byggði á sjálfbærri þróun og talað var um stóriðjulausa Vestfirði. Á þessum fjórum árum hefur okkur hins vegar ekki tekist að fjölga störfum það mikið að tekist hafi að snúa búsetuþróuninni við.

Þegar hugmyndir um olíuhreinsunarstöð voru settar fram voru fyrstu viðbrögð undirritaðs að þetta gæti ekki passað inn í okkar umhverfi og atvinnulíf fyrir vestan enda starfsemin risavaxin. Við nánari athugun og eftir að hafa skoðað olíuhreinsunarstöðvar þá er ég þeirrar skoðunar að svona starfsemi eigi að komast fyrir í okkar landshluta enda hefur olíuhreinsunarstöð fyrst og fremst áhrif á sitt nánasta umhverfi en breytir ekki ímynd annarra svæða og Vestfjarða í heild.

Halldór Halldórsson.

Umhverfisverndarsinnar hafa áhyggjur af mengun frá olíuhreinsunarstöðvum. Það er eðlilegt. Þó verður að hafa í huga að olíuhreinsunsarstöðvar menga ekki meira en sem nemur magni eldsneytis sem notað er í heiminum. Til að draga úr mengun þarf að minnka notkunina sem ræður því hver þörfin fyrir olíuhreinsunarstöðvar er.

Iðnaðarráðherra sagði frá því í fjölmiðlum á dögunum að ríkisstjórn Íslands hefði aukið fjárframlag til olíuleitar í íslenskri lögsögu. Einnig að ef olía fyndist yrði það mikil búbót fyrir Ísland. Ef Íslendingar finna olíu þá hljóta þeir að ætla að vinna hana líka. Þá er gott að eiga olíuhreinsunarstöð sem getur tekið við olíunni sem ríkisstjórnin lætur nú leita að.

– Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTHLUTUN STYRKJA MENNINGARMÁLANEFNDAR

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar auglýsir eftir umsóknum frá þeim sem óska eftir styrkjum frá menningarmálanefnd vegna ársins 2007. Styrkir verða veittir eftir sama fyrirkomulagi og tíðkast hefur undanfarin ár. Frá og með næstu áramótum tekur gildi nýtt kerfi við úthlutun styrkja og verður það kynnt sérstaklega þá.
Umsóknir um styrki vegna ársins 2007 þurfa að berast fyrir 14. september 2007. Þeir sem sótt hafa um fyrr á árinu þurfa ekki að endurnýja umsóknir sínar.
Umsóknir sendist til menningarmálanefndar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Bæjarritari tekur við umsóknum.

STARF Í ÁHALDAHÚSI

Laust er til umsóknar starf í áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar. Megin viðfangsefni eru vinna á götusóp, vatnsveitu, holræsi og annað sem til fellur. Meirapróf og þungavinnuvélaréttindi eru skilyrði.
Skriflegar umsóknir skulu berast bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði fyrir 7. september. Nánari uppl. veittar í síma 892 1634.

Hafrannsóknastofnunin

Rannsóknamaður

Hafrannsóknastofnunin óskar eftir að ráða rannsóknamann til starfa við útibú stofnunarinnar á Ísafirði. Starfið felst í greiningum á fæðu fiska (magainnihaldi), innslætti á gögnum og almennum sýnatökum. Almenn tölvukunnátta nauðsynleg.

Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hjalti Karlsson, sími 575 2300, netfang: hjalti@hafro.is og Ólafur S. Ástþórsson, sími 575 2000, netfang: osa@hafro.is.

Umsóknir ásamt upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf sendist Hafrannsóknastofnuninni fyrir 10. september nk.

„Ég held að þar verði að koma til samstillt átak íbúa þorpsins og ríkisins. Ég held að það verði fyrst og fremst að skapa rétt umhverfi fyrir atvinnu. Það er engin lausn að ríkið skapi atvinnu með því að koma og dæla inn peningum og redda málunum með einhverri skyndilausn.“

Mikil menning á Vestfjörð

Helga Rakel Rafnsdóttir er ung vestfirsk kona sem hefur dvalið við störf á Ísafirði í sumar. Faðir hennar er Súgfirðingur, móðirin Önfirðingur og segist Helga ekki geta rakið ættir sínar út fyrir firðina tvo og Djúpið. Helga er menntuð leikkona og við það að ljúka námi í bókmennta- og mannfræði við Háskóla Íslands, auk þess sem hún hefur unnið að gerð heimildarmyndar síðustu ár. Helga er á þeirri skoðun að öflugt menningarstarf skipti miklu máli í uppbyggingu bæjanna á Vestfjörðum og segist sjá mikla möguleika á því sviði. Það var því viðeigandi að hitta Helgu yfir kaffibolla í menningarhúsinu Edinborg á Ísafirði.

„Ég hef búið hjá afa mínum, Gunnlaugi Finnssyni, á Hvilft í Önundarfirði í sumar. Það hefur verið alveg æðislegt. Þetta er mitt ættaróðal og ég á mínar rætur þar.“

–Varstu mikið á Hvilft á yngri árum?

„Já, ég var mjög mikið hjá afa og ömmu. Öll jól, sumur og páska, auk þess sem ég bjó þar fyrstu árin. Svo bjuggum við mamma á Flateyri í nokkur ár en hún var að kenna þar þegar ég var lítil.“

–Þannig að þú ert öllum hnútum kunnug hér fyrir vestan?

„Já, já, ég vann líka í frystihúsinu, sem hét þá Hjálmur, og byrjaði raunar að vinna í harðfiski tólf ára gömul, hjá Kaupfélagi Önfirðinga.“

–Þú hefur þá fengið alvöru vestfirskt uppeldi?

„Já, og það er eiginlega þannig að ég miða allt við Vestfirði. Hver miðar við sína heimasveit og þegar ég er annars staðar en hér miða ég allt við Vestfirðina.“

–Hvers vegna ákvaðstu að koma hingað í sumar?

„Það var bara orðið allt of langt síðan ég hafði komið hingað og verið í heilt sumar. Ég hef undanfarin ár bara komið og verið í nokkrar vikur í senn en það er ekki það sama. Það er svo gott að vera hérna. Ég verð því miður að fara aftur suður í byrjun september til að klára námið mitt, auk þess sem ég á barn í Reykjavík, sem ég vil vitanlega vera hjá. Ég er að klára bókmennta-fræði og mannfræði við Háskóla Íslands og á bara eina önn eftir. En svo er aldrei að vita hvað gerist.“

–Helga Rakel hefur verið að vinna sem lobbýdama á Hótel Ísafirði og lætur vel af starfinu.

„Ég hef haft mjög mikið að gera undanfarin misseri, verið í háskóla og með lítið barn, auk þess sem ég hef verið að vinna að heimildarmynd. Það var því frábært að koma í níu til fimm vinnu og geta svo bara farið í fjallgöngu eða aðra góða útivist.“

–Þú minnist á heimildarmynd sem þú ert að vinna að, segðu mér aðeins frá henni.

„Myndin fjallar um verslunina Kjötborg sem er í Vesturbæ Reykjavíkur og vinnuheitið er Síðasti kaupmaðurinn á horninu. Þetta er hálfgerð nostalgía um síðasta kaupmanninn á horninu, hún fjallar um ákveðið viðhorf sem fer hverfandi í nútímasamfélaginu og þeim hraða sem því fylgir. Verslunin er rekin af bræðrunum Kristjáni og Gunnari sem eru fæddir og uppaldir í þessum bransa og hafa þetta í blóðinu. Þeir eru ótrúlegir menn, fullir af manngæsku, og það er það sem hefur haldið búðinni gangandi. Það er frábært að fylgjast með þeim að störfum, þeir hugsa svo vel um alla og eru einhvern veginn alltumvefjandi. Kjötborg gegnir því mikilvæga hlutverki að vera félagsmiðstöð í hverfinu. Enda verslar fólk við þá, þrátt fyrir minna vöruúrval og yfirleitt hærra vöruverð en í stórmörkuðunum. Það er reyndar ótrúlegt hvað það er lítið hærra verðið hjá þeim miðað við hvað stóru verslanirnar reyna að telja okkur trú um.

Myndin er nánast tilbúin, hún er í eftirvinnslu, klippiferli. Ég geri myndina með vinkonu minni, Huldu Rós Guðnadóttur, og við erum búnar að vinna að henni í þrjú ár. Þó að mér þyki vænt um þetta verkefni er ég líka voðalega fegin að sjá fyrir endann á því og geta byrjað á einhverju nýju. Upptökuferlið stóð í heilt ár, við fylgdumst með í búðinni alltaf annað slagið, fylgdumst með viðskiptavinum og bræðrunum að störfum. Við notuðumst einnig við falda myndavél og svo tókum við myndir í hverfinu. Einnig tókum við viðtöl við viðskiptavini búðarinnar en þeir eru af öllum stigum samfélagsins. Það er til dæmis merkilegt hvernig fólk sem er kannski utanveltu í þjóðfélaginu heldur tryggð við búðina þó það búi uppi í Árbæ, eða lengra í burtu. Það kemur vestur í bæ að kaupa inn, því frá Kjötborg fara allir út með bros á vör.

Sem dæmi um alúð þeirra bræðra má nefna að einhvern tíma kom ég í búðina og hafði þá ekki komið í tvö ár. Þeir mundu þó vel eftir mér og hvað okkur hafði síðast farið á milli. Þeir eru alveg ótrúlegir.

Ein af ástæðunum fyrir því að ég er að gera Kaupmanninn á horninu er sú að ég trúi innilega á fjölbreytni og litlar sjálfstæðar einingar. Til þess að þær gangi upp verða þær að vera í réttu umhverfi, en þessu má líkja við minni byggðirnar á Vestfjörðum. Fólk verður, sem neytendur, að hugsa hvað það er að gera. Ef það verslar til dæmis alltaf í Bónus í stað þess að fara stöku sinnum í búðina í heimabænum fer búðin auðvitað á hausinn. Það er oft sagt að stærstu áhrifin sem fólk hefur í nútímasamfélagi eru sem neytendur. Maður velur með því að neyta, hvernig maður neytir og hvar.

Myndin verður tilbúin fyrir jól og ég stefni að því að selja hana hér á Íslandi. Maður veit þó aldrei hvernig fer fyrr en myndin er tilbúin og þó allt annað bregðist verður hún allavega sýnd á heimildamyndahátíðinni Skjaldborg á Patreksfirði næsta vor. Sú hátíð er alveg frábært framtak. Skjaldborgarbíó er mjög fallegt og Ísland er í raun fullt af fallegum bíóum, það þarf bara að nota þau meira.“

–Hefur þú eitthvað komið að kvikmyndagerð áður?

„Nei, í rauninni ekki. Ég kynntist kvikmyndagerð í gegnum fyrrverandi sambýlismann minn og hef alltaf haft áhuga á henni. Ég og Hulda vinnum að þessu saman en hún er mannfræðingur að mennt og mikill „multi-talent“. Hún hefur gert heimildamynd áður sjálf og er útskrifuð úr Listaháskólanum. Reyndar er dagvinnan hennar að vera listamaður. Við fengum margreyndan framleiðanda til liðs við okkur, Þorfinn Guðnason. Hann gerði meðal annars myndina um hagamýsnar Óskar og Helgu og myndina um Lalla Johns. Við erum því með gott fólk með okkur.“

Eftirsjá að Vagninum

–Áttu von á því að halda áfram á þessari braut? Er kannski eitthvað í smíðum?

„Já, ég mun alveg örugglega halda þessu áfram, ég vil hinsvegar ekki segja frá því strax hvað stendur til.“

–Kvikmyndalistin er þó ekki eina listin sem þú hefur unnið að í gegnum tíðina er það?

„Nei, ég er menntuð leikkona og hef eitthvað unnið við það, og svo er það auðvitað bókmennta- og mannfræðin. En ég hef líka unnið við ýmislegt annað, svo sem verið leiðsögumaður og landvörður.“

–Landvörður segirðu, hvar þá?

„Í Jökulsárgljúfrum, fyrir norðan. Þar var ég þrjú sumur. Það var alveg magnað. Þetta er reyndar ekki barnvænt starf þannig að ég fer ekki í það aftur á næstunni. Sumrin sem ég var landvörður eru þó þau bestu sem ég hef átt, fyrir utan þau sem ég hef verið hér fyrir vestan.“

–Aftur að menningunni. Þú hefur eitthvað unnið með Vatnadansmeyjafélaginu Hrafnhildi ekki satt?

„Jú, það er einmitt gaman að segja frá því að ég kynntist þeim á Flateyri. Ég hef verið svona 17 ára gömul og þær voru að ferðast um landið með Sniglabandinu. Áður en hljómsveitin steig á stokk voru Vatnadansmeyjarnar með stuttan gamanþátt, þar sem þær gerðu gamlar, hallærislegar leikfimiæfingar í gamaldags fötum. Þetta var haldið á Vagninum og auglýst: „Vatnadansmeyjarnar hita upp“. Sumir héldu að þær væru stripparar og þeir urðu auðvitað fyrir gífurlegum vonbrigðum þegar annað kom á daginn. Einhverjir vildu meira að segja fá endurgreitt.

Þetta kvöld var eitt af þeim eftirminnilegri á Vagninum, þó þau hafi mörg verið eftirminnileg. Stelpurnar í Vatnadansmeyjunum skreyttu húsið og bakgarðinn fallega og þetta var allt mjög skemmtilegt. Kvöldið endaði svo á því að við fórum niður í fjöru. Þar óð ég út í sjó, ekkert langt, bara upp að hnjám, en þær bjuggu seinna til fallega sögu út frá því, um vestfirsku snótina sem synti út fjörðinn.

Ég sameinaðist Vatnadansmeyjafélaginu svo aftur í sýningunni Gyðjan í vélinni, sem haldin var á Listahátíð í vor, um borð í Óðni, elsta skipi Landhelgisgæslunnar. Það var mjög gaman að vinna að þeirri sýningu og algjör forréttindi að fá að kynnast þessu varðskipi sem er heill heimur útaf fyrir sig. Það var líka gaman að sjá útkomuna þar sem veröld kvenna mætti þeim mikla karlaheimi sem varðskipin hljóta að hafa verið.“

–Ævintýrin virðast hafa gerst á Vagninum. Ertu ekki sammála því að eftirsjá er að honum?

„Jú, mikil eftirsjá.“

–Sérðu fyrir þér að hann muni einhvern tíma opna aftur?

„Ja, ekki í sama formi og áður, en maður verður að horfa fram á við, ekki aftur. Ég gefst ekki upp á Flateyri. Það er alltaf von.“

–Þú hlýtur samt að finna fyrir mikilli breytingu frá því sem áður var.

„Já, alveg ótrúlega. Það er eiginlega ekki hægt að lýsa því. Í kjölfarið á snjóflóðinu og miklum sviptingum sem hafa átt sér stað í plássinu. Ég dáist að þeim sem ennþá búa á Flateyri, þeir hafa sýnt mikinn styrk. Það er auðvitað aldrei að vita hvað maður gerir sjálfur seinna.“

–Sérðu kannski fyrir þér að í framtíðinni geti listamenn komið til Flateyrar og unnið í kyrrðinni?

„Já, hiklaust. Vestfirðir eru staðurinn til að skapa. Mig langar til dæmis að búa hérna og ég er ekki fyrr farin suður en ég er farin að skipuleggja næstu ferð vestur. Ég er viss um að svo á við um fleiri.“

–Er ekki dálítið í tísku hjá þeirri kynslóð sem nú er ríkjandi í listaheiminum að sækja út á land?

„Ég held það, margir sækja nú í að leita að uppruna sínum. Það geta til dæmis mjög margir rakið ættir sínar vestur og það hafa líka margir komið hingað í ásku og búið einn-tvo vetur með foreldrum sínum. Ég á vinkonu sem er af þessari kynslóð og hún bjó hér á Ísafirði með mömmu sinni og pabba í tvö ár, en þau voru að kenna. Þegar hún talar um Ísafjörð er hún alveg eins og ég að tala um sveitina mína. Þó að hún hafi verið á Vestfjörðum mun minna en ég hefur hún samt bundist þessum stað sterkum böndum. Ég veit ekki alveg hvað það er sem hefur þetta aðdráttarafl. Kannski er það samspil af samheldni í samfélaginu og þessi fallega náttúra.“

–Ef Vestfirðir eru í tísku núna, geta þeir ekki dottið úr tísku jafn skjótt?

„Kannski er betra að segja sem svo að margir séu að uppgötva Vestfirði frekar en að þeir séu í tísku. Þetta var alltaf hluti Íslands sem fólk hafði aldrei heimsótt en langað til að skoða. Nú er eins og fólk láti verða af því. Ég veit ekki hvers vegna það er, það er kannski búið að skoða allt þetta hefðbundna svo oft. Svo eru samgöngur orðnar aðeins betri, þó enn megi laga þær.“

Öflugt menningarstarf hefur aðdráttarafl

–Hvað um menningarstarf sem unnið er á Vestfjörðum? Hver er þín sýn á það?

„Mikil menning á svæðinu hefur aðdráttarafl og ég held til dæmis að Edinborgarhúsið eigi eftir að vera mikil lyftistöng fyrir samfélagið, fólk á bara eftir að uppgötva alla möguleikana sem það býður upp á. Einnig er gamla sjúkrahúsið frábært hús sem hægt væri að nota enn betur. Mér dettur líka í hug að hér væri hægt að bjóða upp á klippistúdíó fyrir kvikmyndagerðarmenn. Fólk þráir að komast úr borginni og í kyrrð. Allskonar eftirvinnsla þarf að vera unnin í ró og næði, hvers

„Ísafjörður státar af mjög blómlegu menningarlífi og ég hef reynt að sækja þá viðburði sem hafa verið á dagskrá hér í sumar. Sérstaklega finnst mér gaman að sjá leiklistarstarfið sem hefur verið byggt upp hér. Leiklistin er mitt svið og ég sé alveg að hún geti tekið frekari framfaraspor á Vestfjörðum.“

örðum hefur aðdráttarafl

vegna ekki hér?

Annað lykilatriði fyrir svæðið er auðvitað menntun og mér finnst Háskólasetrið alveg stórkostlegt. Ég fór þarna niður eftir um daginn og ég get alveg ímyndað mér, þó ég sé enginn fræðimaður, að þar séu miklir möguleikar.“

–Kannski bara taka skrefið til fulls og stofna háskóla? Myndi það laða fólk að?

„Já, hvers vegna ekki? Sjáðu bara Bifröst. Og maður er sneggri að fljúga héðan til Reykjavíkur en maður er að keyra á milli Bifrastar og Reykjavíkur. En fyrst þarf náttúrulega að efla setrið enn frekar í núverandi mynd.

Margir af mínum jafnöldrum sem ég hef hitt hér fyrir vestan í sumar eru alveg heillaðir og myndu vilja kaupa hér hús og búa, allavega hluta úr ári. Þetta er fólk með allskonar hugmyndir og kannski er bara tímaspursmál að það taki skrefið. Ég er þó dálítið smeyk við að fólk kaupi sér bara sumarhús hér á svæðinu, það væri á kostnað heimafólksins og byggðarinnar. Ég veit ekki hvernig er best að sporna við þeirri þróun, það er kannski helst með öflugum heimamönnum.“

Listahátíðir mikill iðnaður

„Ísafjörður státar af mjög blómlegu menningarlífi og ég hef reynt að sækja þá viðburði sem hafa verið á dagskrá hér í sumar. Sérstaklega finnst mér gaman að sjá leiklistarstarfið sem hefur verið byggt upp hér. Leiklistin er mitt svið og ég sé alveg að hún geti tekið frekari framfaraspor á Vestfjörðum. Act alone, hátíðin hans Elfars Loga Hannessonar, er alveg stórkostlegt framtak og ég veit að það er hægt að gera svo miklu meira.

Listafólk elskar að koma á litla staði á landsbyggðinni. Ég fylgdi fyrrum sambýlismanni mínum á kvikmyndahátíðir um allan heim og það var iðulega skemmtilegast á hátíðunum sem voru á litlu stöðunum. Það er bara þannig. Það gera sér kannski ekki allir grein fyrir því hvað svona hátíðir eru ótrúlega mikill iðnaður. Fólk hittist og myndar tengslanet og það fæðast alls konar hugmyndir. Þetta má ekki vanmeta, því ef fólk er

Umferðarlagabrotum fækkar milli ára

Umferðarlagabrotum snarfækkar milli ára í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum. Í júlí voru framin 99 umferðarlagabrot á móti 230 í sama mánuði á síðasta ári. Brotunum hefur einnig fækkað ef borið er saman við júlí 2005 þegar 194 umferðarlagabrot voru framin. Umferðarlagabrotum fækkaði einnig í maí og júní, miðað við sömu mánuði á síðasta ári, þannig að svo virðist sem ökumenn á Vestfjörðum haldi sig nokkuð á mottunni.Alls voru framin 21 hegningarlagabrot í umdæmi vestfirsku lögreglunnar í júlí og fimm fíkniefnabrot. Þetta kemur fram í mánaðarskýrslum ríkislögreglustjóra, en þar eru birtar upplýsingar um skráð brot hjá öllum lögregluembættum á landinu síðustu þrjú ár.

ánægt kemur það alltaf aftur.

Hátíðir smita út frá sér, eins og Aldrei fór ég suður, sem bara stækkar og stækkar. Mér skilst meira að segja að á síðustu hátíð hafi mesta vandamálið verið að halda hátíðinni nógu „local“ og persónulegri, svo mikil var ásóknin í að fá að vera með, hvort sem það voru hljómsveitir eða blaðamenn sem vildu kynna sér málið.

Ég veit það líka að þeir sem komu til að taka þátt í Við Djúpið, sem er allt öðruvísi hátíð, voru mjög ánægðir með dvölinu. Hátíðirnar skilja líka eitthvað eftir sig í bænum. Það má ekki gleyma að gestir þeirra eru líka ferðamenn sem skoða sig margir hverjir um svæðið, ferðast aðeins um, fara út að borða og kaupa sér gistingu, Mér skilst líka að verslunareigendur hafi verið mjög ánægðir eftir síðasta Aldrei fór ég suður.

Listafólk er tilbúið til að leggja ýmislegt á sig til að koma á festivöl, og ekki fá allir borgað sem koma og leggja eitthvað fram. Þá er bara farið á stúfana í leit að styrktaraðilum og mér finnst í góðu lagi að fyrirtæki styrki listastarfsemi. Það er kannski ekki sérstaklega gaman að fara í bankann, en það er gaman að fara á hátíðir sem eru styrktar af bankanum.“

–Eru fyrirtæki að átta sig og styrkja listir í meira mæli?

„Það er ekki spurning. Til dæmis gekk vonum framar að fjármagna Síðasta kaupmanninn á horninu. Við fengum auðvitað ekkert alla styrki sem við sóttum um en við gátum labbað inn í fyrirtæki sem tengjast starfsemi Kjötborgar á einhvern hátt og fengið styrki. Við fengum til dæmis styrk frá Bónus, sem er alveg stórkostlegt. Hérna erum við að gera heimildarmynd um svarinn óvin Baugs en samt styrkir hann gerð myndarinnar. Það finnst mér ótrúlega klókt af þeim. Þeir gera sér grein fyrir því að við erum að gera mynd um hluta verslunarsögunnar sem tengist þeim órjúfanlegum böndum.

En svo við komum aftur að Ísafirði; utanaðkomandi fólk sér bæinn sem menningarbæ og það er alveg ljóst að ímynd bæjar verður jákvæðari ef mikið er um að vera. Súðavík og Bolungarvík eru einnig að slást í hópinn sem miklir menningarbæir.“

–Getur verið að Súðavík hafi komist á kortið vegna þess að Mugison býr þar ásamt spúsu sinni og börnum?

„Já, það spilar hiklaust stóran part, hann er duglegur að tala um bæinn í viðtölum og vinir hans og kollegar koma hingað vestur. En það skiptir ekki minna máli hvað sveitarstjórnin stendur sig vel að styðja við menninguna. Alveg eins og Grímur Atlason stendur sig vel í Bolungarvík. Þetta er að miklu leyti spurning um markaðssetningu í dag. Mér finnst ekkert kuldalegt við það, ef það er gert á réttan hátt. Það er hluti af því að reka sveitarfélag að búa fólki þannig um hnútana að fólk sem er með hugmyndir og vill skapa hafi tækifæri til þess, hvort sem það er á sviði lista eða annars. Að þeir geti leitað í starfsvænt umhverfi.

En á meðan Bolungarvík og Súðavík eru að skapa sér jákvæða ímynd er sorglegt að sjá smærri byggðir innan Ísafjarðarbæjar; Flateyri, Suðureyri og Þingeyri, þar sem minna er um að vera. Ef við lítum á sveitarfélagið sem fyrirtæki þá er enginn sem er framkvæmdastjóri yfir þessum sviðum. Þá er ekkert skrítið að bæirnir hreinlega týnist. Mér finnst þau vanta einhvern talsmann, sína eigin rödd, eins og oddvitinn eða sveitarstjórinn var hér áður. Það er synd að þessa rödd vanti því ég held að hún skipti miklu máli.“

–Eru bæirnir kannski orðnir eins og úthverfi í borg?

„Já, og varla það. Hvað fara bæjarstjórnarmeðlimir til dæmis oft til Flateyrar? Ég bara spyr. Mér finnst að fólk mætti aðeins hugsa um þetta.“

–Var sameiningin á sínum tíma kannski ekki jafn mikið skref til góðs og margir vilja meina?

„Þetta er erfið spurning. Ég fæ þó ekki séð að hún sé litlu bæjunum sérstaklega til framdráttar í dag. Alls ekki. Það vantar þetta sameiningartákn sem mér finnst Bolvíkingar og Súðvíkingar hafa í sveitarstjóranum, enda sér maður líka muninn. Þetta getur haft áhrif á sjálfsmynd þeirra sem búa á staðnum og drifkraftinn í samfélaginu. Félagsskapur og fyrirtæki geta auðvitað gert sitt í þessum efnum en best væri ef það væri ekki eingöngu undir þeim komið. Fyrirtæki eru náttúrulega fallvalt fyrirbæri eins og dæmin sanna. Það verður einhver að vaka yfir bænum.“

Hefur fulla trú á smærri byggðum landsins

–Sérðu einhvern mun á Vestfirðingum frá því þú varst yngri og útlitið var eilítið bjartara á svæðinu?

„Mestan mun sé ég auðvitað á Flateyri, þar sem ég þekki best til. Ég hef reyndar fulla trú á að það geti haldist líf á

þessum stöðum, þvert á það sem okkur var til dæmis kennt í leiðsöguskólanum. Þangað komu hagfræðingar frá Hagstofunni sem viðruðu það viðhorf að Suðureyri væri dæmi um stað þar sem það myndi borga sig að borga hverjum og einum íbúa eina eða tvær milljónir fyrir að flytja suður. Það er, í staðinn fyrir að búa til göngin. Ég hef einnig heyrt þetta viðhorf á fleiri stöðum. Mér finnst þetta alveg ótrúleg sýn og lýsa svo miklum hroka og vankunnáttu og ekki síst virðingarleysi fyrir því fólki sem hefur búið í smærri byggðum og haldið þeim gangandi. Göngin eru til dæmis ekki einkamál Vestfirðinga heldur þjóna þau öllum sem hingað koma.

Ef maður á sínar rætur á staðnum hlýtur að vera sterkari vilji fyrir að halda honum gangandi. Farandverkamenn, hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir, fara þangað sem að vinnu er að fá. Þeir eru því kannski ekki á þeim buxunum að standa fyrir frumkvöðlastarfsemi, stofna ný fyrirtæki eða halda þeim gömlu gangandi. “

–Heldur þú að ríkið geti og eigi að koma litlum þorpum, eins og til dæmis Flateyri, sem eru í vanda til hjálpar?

„Ég held að þar verði að koma til samstillt átak íbúa þorpsins og ríkisins. Ég held að það verði fyrst og fremst að skapa rétt umhverfi fyrir atvinnu. Það er engin lausn að ríkið skapi atvinnu með því að koma og dæla inn peningum og redda málunum með einhverri skyndilausn. Skynsemi verður að vera höfð að leiðarljósi, en það þarf hjálp, stuðning og mögulega einhverja styrki.“

–Eru þeir tímar liðnir í þínum augum þar sem fiskurinn spilar stærsta hlutverkið í atvinnulífi bæjarins?

„Ég veit það ekki, en kannski væri það best. Eins og í öllum öðrum samfélögum er nauðsynlegt að hafa fjölbreytni, þó að þetta tiltekna samfélag sé svona lítið. Ég er samt enginn sérfræðingur og spila þetta allt út frá tilfinningunni. Ég hef hins vegar tröllatrú á þessum rótum fólks, og ef að það finnur fyrir tengslum við uppruna sinn vill það heldur gera eitthvað fyrir heimabyggðina.“

– tinna@bb.is

Gott sumar hjá Vesturferðum

Ferðamenn sækja í auknum mæli til Vestfjarða og segir Gylfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Vesturferða á Ísafirði, að hann finni fyrir aukningu bæði í lausatraffík og fjölda ferðamanna sem koma með skemmtiferðaskipum. „Ég hef ekki tekið þetta saman en sumarið hefur verið prýðilegt enda veðrið glimrandi gott.“ Eftir tvær vikur verða Vesturferðir á ferðakaupstefnunni Vest-norden sem verður haldin í Færeyjum. „Við munum kynna vörulínu okkar ásamt einhverjum nýjungum“, segir Gylfi. Hann lætur af störfum hjá Vesturferðum innan skamms og mun Elías Oddsson taka við. Þrjú skemmtiferðaskip eiga eftir að koma til Ísafjarðar á árinu.

Að gefnu tilefni

Að gefnu tilefni viljum við undirritaðir einstaklingar búsettir í Bolungarvík sem erum á lista yfir 10 hæstu greiðendum opinberra gjalda á Vestfjörðum árið 2007 koma eftirfarandi á framfæri. Hér að neðan er tafla er sýnir hlutdeild okkar sexmenninganna í álögðu heildarútsvari Bolungarvíkurkaupstaðar tekjuárin 2000-2006. Eins eru í töflunni upplýsingar um meðaltalsgreiðslur okkar þessi ár borið saman við meðaltals útsvar á hvern einstakling í Bolungarvík, eldri en 16 ára.

Ár	Útsvar alls	Okkar útsvar	Hlutfall	Meðaltal okkar	Meðaltal 16 og eldri	Yfir meðaltali
2000	157.697.091	2.913.003	1,85%	485.501	211.958	229%
2001	174.780.162	3.068.967	1,76%	511.495	240.413	213%
2002	175.269.000	4.755.743	2,71%	792.624	242.755	327%
2003	183.627.000	4.151.284	2,26%	691.881	255.038	271%
2004	190.083.000	4.358.451	2,29%	726.409	265.479	274%
2005	202.484.000	4.419.705	2,18%	736.618	287.619	256%
2006	218.533.000	4.537.392	2,08%	756.232	311.301	243%
	1.302.473.253	28.204.545	2,17%			

Eins og sjá má hér að ofan erum við sexmenningarnir að greiða langt umfram meðaltals útsvar íbúa Bolungarvíkur 16 ára og eldri, á árunum 2000-2006, frá 229% umfram meðaltal árið 2000 í 327% yfir meðaltal árið 2002. Árið 2006 greiðir sá er lægstur er okkar kr. 344.207 í útsvar, eða 10% yfir meðaltal og sá okkar er hæst greiðir, greiðir kr. 1.439.753 eða 462% yfir meðaltal.

Á síðustu árum höfum við undirritaðir staðið fyrir umtalsverðum atvinnurekstri hér í Bolungarvík og gerum reyndar enn, sumir okkar. Á vegum okkar og fyrirtækja okkar hafa starfað og starfa enn fjöldi mjög duglegs fólks sem hafa með dugnaði sínum unnið sér inn ágætis laun, allavega á bolvískan mælikvarða, sem aftur hafa kallað á háar útsvarsgreiðslur.

Okkur svíður því sárt þegar við sjáum og heyrum í fjölmiðlum að við séum ekki að greiða til bæjarfélags okkar á sama tíma og við séum að nota okkur þjónustu bæjarins. Kraftar okkar síðustu áratugi hafa nánast að öllu leiti farið í vinnu og því að halda fyrirtækjum okkar gangandi. Við höfum því lítið getað nýtt okkur þjónustu bæjarfélagsins. Tveir okkar eiga rétt á fríu sundi sökum aldurs, en hafa ekki nýtt sér það hingað til.

„Þuríður sundafyllir“ hæðist af skattgreiðslum okkar í pistli á vikari.is og fullyrðir að við séum ekki að greiða útsvar til bæjarins á sama tíma og við séum að heimta þjónustu á heimsmælikvarða án þess að borga krónu fyrir. Þarna kristallast ástæða leyniskrifanna. Leyniskrifarinn hefur ekki kjark til að koma fram undir nafni í lygum sínum. Áhugavert væri ef leyniskrifarinn vildi upplýsa hversu há opinber gjöld hann er að greiða.

Okkur finnst ekki veita af að auka atvinnutækifærin hér í Bolungarvík. Oft hefur verið þörf, en nú er nauðsyn. Við teljum okkur með fullri sanngirni geta sagt að við höfum skilað okkar til bæjarfélagsins og gerum vonandi áfram. Skorum á þá sem mest hafa farið í fjölmiðlum, sérstaklega huglausa leyniskrifara, að reyna frekar að eyða kröftum sínum í að bæta atvinnuástand hér í Bolungarvík og þannig auka tekjur bæjarfélagsins. Við getum ekki komið auga á að þessi skrif og væl í fjölmiðlum séu að skila einhverju til bæjarfélagsins.

Við erum allir talsmenn þess að auka þurfi tekjur sveitarfélaga. Hvort hlutdeild í fjármagnstekjuskatti sé rétta leiðin til að bæta hag smærri sveitarfélaga er erfitt að segja til um, teljum þó rétt að benda á að fjármagnstekjuskattur eintaklinga í Bolungarvík álagningarárið 2007 gefur örugglega ekki rétta mynd af þeim fjármagnstekjuskatti sem vænta má í framtíðinni. Viljum að lokum ráðleggja mönnum að kynna sér mál vel áður en farið er í fjölmiðla með staðlausa stafi.

Bolungarvík 21. ágúst 2007.
Daði Guðmundsson, Einar Guðmundsson, Guðmundur Einarsson, Jakob Valgeir Flosason, Pétur Runólfsson, Runólfur Pétursson.

Ertu orðin(n) áskrifandi?
Síminn er 456 4560

Auglýsing um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 og tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Aðalstræti 20-22

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst tillaga að breyttu aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 með áorðnum breytingum. Tillagan tekur til breytinga á lóðinni að Aðalstræti 20-22, milli Miðstrætis og Aðalstrætis, frá Vitastíg að Traðarstíg.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Ráðhúsinu í Bolungarvík og á heimasíðu Bolungarvíkurkaupstaðar www.bolungarvik.is, frá og með fimmtudeginum 30. ágúst 2007 til og með 20. september 2007.

Samtímis breytingu á aðalskipulagi er auglýst deiliskipulagstillaga af sama svæði. Lóðin stækkar lítillega til norðurs á kostnað lóðar Aðalstrætis 18. Stækkunin nemur um 120m². Byggingarreitur lóðarinnar stækkar til norðurs og er um 460m². Hæsta leyfilega hæð nýbyggingarinnar verður 10 metrar.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við aðalskipulagsbreytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum vegna aðalskipulagsbreytingar er til 20. september 2007. Frestur til að skila inn athugasemdum vegna deiliskipulagsbreytingar er til 11. október 2007. Skriflegum athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofur Bolungarvíkur, Ráðhúsinu, Aðalstræti 10-12, Bolungarvík. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Bolungarvík, 24. ágúst 2007,
Jóhann Birkir Helgason,
sviðstjóri umhverfissviðs.

Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Aðalstræti 24-26 Bolungarvík

Með vísan til 2. mgr. 26. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Aðalstræti 24-26 í Bolungarvík.

Breytingin tekur til stækkunar byggingarreits lóðarinnar til suðausturs um 240m². Viðbygging er heimiluð við núverandi byggingu en ekki verður heimilt að byggja frístandandi hús á reitnum. Hæsta leyfilega hæð nýbyggingarinnar verður 6 metrar.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ráðhúsinu í Bolungarvík og á heimasíðu Bolungarvíkur, www.bolungarvik.is, frá og með 30. ágúst 2007 til og með 27. september 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 11. október 2007.

Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Bolungarvíkur, Ráðhúsinu, Aðalstræti 10-12, Bolungarvík.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest, teljast samþykkir henni.

Bolungarvík, 24. ágúst 2007,
Jóhann Birkir Helgason,
sviðstjóri umhverfissviðs.

Jákvæð framtíð í stað neikvæðr- ar fortíðar

Diane Gossen.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar eru að taka upp nýja uppbyggingarstefnu sem felst í því að kenna börnum sjálfsaga og að bera ábyrgð á eigin hegðun. Með stefnunni er reynt að takmarka notkun valds innan skólans eins og hægt er og aðeins gripið til þess sem neyðarúrræðis. Nemendum er kennt að stýra hegðun sinni sjálf og viðurkenna mistök sín og læra af þeim svo að viðkomandi standi uppi sem betri maður á eftir.

Hugmyndafræðin að baki þessarar stefnu er kennd við uppeldi til ábyrgðar eða uppbyggingu (eða restitution) en allmargir skólar hér á landi byggja á henni í starfi sínu. Upphafsmaður hennar er Diane Gossen sem hefur bækistöðvar í Kanada en starfar víða um heim. Rætur aðferða Diane Gossen liggja víða, bæði í viðurkenndum vísindalegum kenningum um eðli mannlegrar hegðunar og ýmsum rannsóknum á þeim. Í síðustu viku var Diane stödd á Ísafirði þar sem hún vann með starfsfólki grunnskóla Ísafjarðarbæjar að undirbúningi fyrir inntöku uppbyggingarstefnunnar á því skólaári sem er að hefjast.

– Ferðastu oft til annarra landa til þess að vinna með fólki að uppbyggingarstefnunni?

„Já, fyrir tveimur vikum var ég í Indónesíu og í næstu viku verð ég Vancouver í Kanada. Á Íslandi eru 20 skólar að taka upp stefnuna og á ráðstefnu í Reykjavík í síðustu viku var skrifað undir sáttmála sem allir skólarnir ætla að fara eftir. Mér fannst það mjög spennandi og ég var afar hrifin af framtakinu.“

– Hve lengi hefurðu unnið að uppbyggingarstefnunni?

„Það eru fimmtán ár síðan ég skrifaði fyrstu bókina mína um hana en síðan þá hef ég unnið í tólf löndum. Ég hef unnið mikið á norðurslóðum Kanada og sótt mikið af hugmyndum í siðfræði frumbyggja Norður-Ameríku.

Stefnan byggist á því örva börnin til þess að hafa sjálfstæðar skoðanir í stað þess að segja bara það sem kennarinn vill heyra. Í mörgum skólum, að minnsta kosti í Kanada, er það stór vandi að börnin hreinlega hugsa ekki sjálf, heldur frekar reyna að finna rétta svarið sem gæti mögulega verið rétt komi spurningin upp í prófi. Heimurinn er að breytast ansi hratt og því munu börnin búa í heimi sem við af eldri kynslóðinni munum ekki kynnast. Hvernig munu þau leysa vandamál og vera fær um að vinna með öðrum með ólíka menningu? Uppbyggingarstefnan aðstoðar þau við að læra það því hún byggir á því að börn verði sjálfstæð frá barnsaldri.

Ellert Örn Erlingsson.

Tvö mikilvægi atriði uppbyggingarstefnunnar eru að börnin, kennarar og foreldar ræða saman um skoðanir sínar varðandi framkomu fólks hvert við annað og hvað þeim finnst vera rétta leiðin að lærdómi. Í sameiningu finna þeir sem vinna að þessu það sem þeir telja vera kjöraðstæður fyrir börnin til að læra í. Í öðru lagi kennir uppbyggingarstefnan krökkunum að meta sjálfa sig að verðleikum þannig að þau svari spurningum eins og; er hegðun mín að veita mér það sem ég vil, er hún að virka, er hún hópnum í heild til góðs?“

Lærum á mistökunum

– Eftir fimmtán ár er Diane enn full eldmóðs er kemur að uppbyggingarstefnunni.

„Ég legg aðeins fram grunnatriði stefnunnar, beinagrindina, en skólasamfélagið vinnur saman að henni og gerir hana að veruleika. Það er alltaf jafn gaman að sjá það ganga upp. Mér finnst íslenska orðið uppbygging eiga mun betur við en restitution sem þýðir endurgreiðsla eða skuldabætur. Enska orðið felur í sér að ef maður brýtur eitthvað borgar maður fyrir það eða ef maður atar eitthvað út þrífur maður það. En íslenska orðið felur í sér maður byggi upp styrkinn innra með sér. Og það á mun betur við því að ef að barn gerir mistök segir kennarinn að það sé allt í lagi, við lærum á mistökunum, þetta er samkvæmt stefnunni. Saman finna kennarinn og barnið leið til þess að bæta fyrir mistökin og barnið er sterkara fyrir vikið. Barnið á að bera höfuðið hátt og vilja sýna fólki hvernig það hafi bætt fyrir mistök sín og þar með lært af þeim“, segir Diane með bros á vör og augljóst að hún hefur mikla trú á stefnunni, en hún hefur séð hana virka í fjölmörgum skólum víða um heim. En hvernig leggst stefnan í starfsfólk Ísafjarðarbæjar sem mun vinna að stefnunni nú í haust. Bæjarins besta ræddi við Ellert Örn Erlingsson skólastjóra Grunnskólans á Þingeyri um hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar.

Heilbrigð skynsemi og jákvætt hugarfar

–Nú er komin örlítil reynsla á uppbyggingarstefnuna þar sem unnið hefur verið að undirbúningi. Hvernig leggst þetta í þig?

„Skólinn á Ísafirði er kominn lengst og hefur unnið eitt ár að undirbúningi stefnunnar og eitt ár hefur hún verið framkvæmd með hluta nemenda, skólarnir á Þingeyri og Suðureyri eru ári á eftir en Flateyri er ekki enn með í verkefninu. Stefnan lofar mjög góðu og hún er ákveðið verkfæri sem komið er upp í hendurnar á manni til þess að leysa þau vandamál sem koma upp. Með tilkomu hennar erum við komin með farveg sem leiðbeinir okkur hvernig við eigum að snúa okkur í ýmsum málum. Hún er einnig fyrirbyggjandi og setur nemendum og kennurum skýr mörk um hvað megi og hvað má ekki. Nú verða kennararnir ekki lengur ríkjandi og segja börnunum ekki að gera hitt og ekki gera þetta heldur líta á jákvæðu hlutina með krökkunum.

Við á Þingeyri höfum verið að undirbúa okkur í eitt ár, við höfum stofnað leshópa og kynnt okkur hugmyndafræðina að baki. Smám saman hefur hver kennari prófað eitt og eitt atriði þó það hafi ekki verið gert skipulega að svo stöddu. Fólk er almennt ánægt með þetta og skynjar strax breytingu á hópnum. Viðhorfið er að breytast og þá sérstaklega hjá kennurum. Nú reynum við að finna jákvæðar lausnir í staðinn fyrir að einblína á vandamálin. Mottóið er jákvæð framtíð í stað neikvæðrar fortíðar.

Ég fór á námskeið í uppbyggingarstefnunni fyrir ári síðan og þar áttaði ég mig á því að þetta snýst bara um heilbrigða skynsemi en maður þurfti að rifja hana upp. Svona vill maður hafa hlutina en maður festir sig í vananum.

Það er mikill styrkur fyrir okkur í minni skólanum að hafa Grunnskólann á Ísafirði, sem reið á vaðið með þetta, til að aðstoða okkur. Við njótum góðs af reynslu þeirra, þannig að við komum öflugri en ella til verksins. Það eru mjög spennandi tímar framundan.

Nú í haust munum við á Þingeyri og Suðureyri fara í að vinna með nemendum og skilgreina hlutverk okkar. Fyrsta skrefið í ferlinu með nemendum er að finna skýr mörk og grunnþarfir. En á Ísafirði verður tekið næsta skref sem er með foreldrum. Þá verður farið yfir það hvert þeirra hlutverk er gagnvart skólanum og náminu, sem og hvað sé ekki þeirra hlutverk.“

– Þannig að uppbyggingarstefna skólanna getur líka haft jákvæð áhrif á uppeldi barnanna?

„Já hún getur nýst alls staðar í lífinu. Það er heildarmyndin sem skiptir máli. Sem dæmi má taka að á Álftanesi tekur allt samfélagið þátt í uppbyggingarstefnunni. Skólinn þar byrjaði með stefnuna fyrir nokkrum árum síðan og nú hefur allt samfélagið skapað sína eigin stefnu í anda uppbyggingarstefnunnar. Íþróttafélög, félagsmiðstöðvar, starfsmenn sundlauga, allar stofnanir sem koma nálægt börnum

Kennarar í grunnskólum Ísafjarðarbæjar á námskeiði hjá Diane Gossen.

Ritar inngang að Hávamálum

Vestfjarðagoðinn Eyvindur P. Eiríksson ritar inngang með nýrri útgáfu Hávamála, en það mun vera í fyrsta sinn sem þau eru gefin út með formála eftir heiðinn mann. Það er Ásatrúarfélagið sem gefur Hávamál út með inngangi Eyvindar. Þetta kemur fram í Morgunblaðinu í gær. Hávamál er safn kvæða úr Eddukvæðum sem eru lögð í munn Óðins, æðsta guðs í ásatrú. Efni þeirra er bæði fróðleikur og heilræði til viðvörunar eða lærdóms. Það er vilji Ásatrúarfélagsins að auka skilning og áhuga á þjóðtrú og gömlum hefðum og hefja til vegs og virðingar fornan sið og forn menningarverðmæti. Í tilkynningu frá Ásatrúarfélaginu segir að Vestfirðingagoðinn hafi lagt mikla alúð við að finna til þær skýringar valinkunnra fræðimanna, sem hann hefur talið bestar við hin einstöku kvæði, en frumsamið fáeinar.

Strákasumar á fæðingardeildinni

Óvenjulegur fjöldi stráka hefur fæðst á fæðingardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði í sumar. Frá byrjun júní hafa fæðst níu börn á sjúkrahúsinu, sjö strákar og tvær stelpur. Þar af fæddust sex strákar í röð frá júlíbyrjun fram í síðustu viku. „Þetta virðist oft koma í bylgjum“, segir Ásthildur Gestsdóttir, ljósmóðir á FSÍ. „Yfirleitt eru hlutföllin þó svipuð þegar talið er saman í lok árs, eins og eðlilegt er. Það er samt gaman að fylgjast með því þegar svona lagað kemur upp. Þetta er búið að vera strákasumar hjá okkur.“

Alls hafa 29 börn fæðst á FSÍ það sem af er ári 16 strákar og 13 stelpur. Hlutföllin eru því innan skekkjumarka. Ásthildur segist eiga von á færri fæðingum á FSÍ í ár en í fyrra þegar þær voru 53. „Við erum að vona að ná 50 fæðingum í ár, en það lítur út fyrir að þær verði eitthvað færri.“

Ásthildur segir að nýburasíðan sem sett var upp á heimasíðu FSÍ í vor hafi hlotið góðar móttökur og vakið athygli. „Fólk er mjög ánægt með þennan vef, og við líka.“

– tinna@bb.is



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Lásu 681 bók í sumarlestri

Þátttakendur í sumarlestri bókasafnsins á Ísafirði lásu 681 bók í sumar, eða rúmlega 52.000 blaðsíður. Uppskeruhátíð sumarlesturs bókasafnsins var haldin í síðustu viku. Fjöldi barna tók þátt í átaki safnsins þar sem þau voru hvött til að gleyma ekki bókum og bókalestri yfir sumartímann. Athygli vakti að ung stúlka, Emma Rúnarsdóttir, las rúmlega 8000 blaðsíður í sumar. Fékk hún sérstaka viðurkenningu fyrir afrekið. Það má með sanni segja að átakið hafi heppnast vel en á sjöunda tug barna tók þátt í því.

Börnin sem skiluðu inn bókum eftir sumarið voru 49 talsins, og fóru nöfn þeirra í pott, sem dregið var úr í gær. Níu nöfn voru dregin úr pottinum og fengu þeir heppnu gladningar, meðal annars frá Bókhlöðunni og Hamraborg. Þá fengu allir sem tóku þátt viðurkenningarskjal og gladning frá bókasafninu.

– tinna@bb.is

Krakkarnir fylgdust spenntir með þegar dregið var úr pottinum.

Færri bílar seljast í ár en í fyrra

Samdráttur hefur orðið á sölu nýrra bíla Ísafirði í ár, miðað við sama tíma í fyrra. Hafsteinn Vilhjálmsson, bílasali á Ísafirði, segir að salan hafi verið ágæt þó hún sé lakari en í fyrra. „Það seldist mjög mikið í fyrra og því er salan ágæt þó hún hafi dregist saman“, segir Hafsteinn. Hann segir að alltaf sé ágæt hreyfing á notuðum bílum og stanslaus umferð fólks um helgar að skoða notaða bíla. Hafsteinn selur bíla frá Heklu og notaða bíla frá Bílaþingi Heklu. Í sama húsi er bílasalan Bílatangi. Bergmann Ólafsson segist vera að taka saman tölur til að bera saman sölu ársins við fyrri ár. „Mín tilfinning er sú að samdrátturinn sé 10-12%. Salan er öðruvísi samansett og fór miklu seinna af stað en í fyrra, en ég er bara sáttur“, segir Bergmann.

Að sögn Bergmanns fór salan ekki af stað fyrr en um páska öfugt við það sem var í fyrra þegar bíla seldust jafnt og þétt allt árið. „Mér sýnist þetta vera að fara í sama horf og var hér áður fyrr þegar bílar seldust mest frá því snemma á vorin og fram í ágúst – september.“ Hann segir að árið í fyrra hafi verið metár í sölu nýrra bíla á landinu og það sem af er þessu ári er samdrátturinn 24%. „Verði samskonar samdráttur á næsta ári þá nálgumst við það sem getur kallast eðlileg sala.“ Hann segir að það séu teikn á lofti að markaðurinn sé mettur af nýjum bílum. Sala á notuðum bílum hjá Bílatanga virðist fylgja sveiflum í sölu nýrra bíla.

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Seljalandsvegur 56, Ísafirði
196 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með bílgeymslu. Nýtt baðherbergi, gler og gluggar endurnýjaðir.
22.900.000,-

Túngata 9, Súðavík
Sumarhús í Súðavík, 113 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð með stórum og fallegum garði, fjögur svefnherbergi, allt innbú fylgir.
5.200.000,-


Stakkanes 6, Ísafirði
144,2 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt 29,6 m² bílskúr. Þrjú svefherbergi, sólstofa og glæsilegur sólpallur.
19.500.000,-

Fjarðarstræti 27a, Ísafirði
233 m² nýlegt parhús á tveimur hæðum með kjallara og bílskúr, fjögur herbergi. Húsið var byggt árið 2000.
27.500.000,-

Hrannargata 3, Flateyri
Steinsteypt hús á tveimur hæðum með 3 íbúðum.Á jarðhæð er 127 m² íbúð með sérinngangi. Efri hæð er einnig 127,5 m² og er skipt niður í tvær íbúðir.
Tilboð óskast

Aðalstræti 16, Bolungarvík
75 m² einbýlishús úr timbri með steyptum kjallara, 500 m² eignarlóð fylgir. Vel staðsett í bænum, tilvalið sumarhús fyrir brottflutta vestfirðinga.
6.500.000,-

Seljalandsvegur 72,
112 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum, þrjú svefnherbergi, fallegur garður og gott útsýni.
12.900.000,-

Miðstræti 10, Bolungarvík
170 m² einbýlishús á tveimur hæðum, fjögur svefnherbergi.
11.000.000,-

Sætún 7, Suðureyri
131 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð ásamt 43 m² bílskúr, samtals 174 m² að stærð. Fallegur garður.
10.000.000,-

Vitastígur 3, Bolungarvík
624 m² verslunarhúsnæði á 1.hæð með lageraðstöðu, kæli og frysti einnig fylgir hluti kjallara.
Tilboð óskast

og bara allt samfélagið sem slíkt. Allir fá einhverja kynningu út á hvað stefnan gengur og vinna út frá því.“

– Hvað finnst þér þú hafa lært af þessu verkefni?

„Að hugsa jákvætt. Þegar brot er framið á maður frekar að hugsa; hvernig get ég leyst þetta, hvernig get ég bætt fyrir það. Í staðinn fyrir að grípa til þess að skamma og refsa. Auðvitað munu brot eins og ofbeldi og fikniefnamisnotkun og annað slíkt ekki vera liðið. Nú höfum við ákveðna verklýsingu um hvernig leysa á mál og áður er vandamálið kemur upp hefur maður hugmynd um það hvernig ferlið á að fara fram. Eins og ég sagði áðan þá er þetta bara heilbrigð skynsemi en maður þarf að temja sér að hugsa á þennan hátt. En þetta gerist ekki á einni nóttu, maður verður að taka þetta í smáum skrefum en hvert skref verður til batnaðar.“

–Þannig að það eru miklar breytingar framundan hjá grunnskólum Ísafjarðarbæjar?

„Já breytingar til batnaðar. Við erum ekki búin að gera mikið en nú þegar skynja ég breytingu og þá aðallega á fólkinu sem ég vinn með. Það er jákvæðara hugarfar í loftinu. Það verður spennandi að sjá hvernig þetta verður í framkvæmd og hvernig börnin taka þessu“, segir Ellert.

– thelma@bb.is

Grunnskólinn á Ísafirði.

Sprenging í ferðum með Sædísi ÍS

Algjör sprenging var í fólksflutningum með Sædísi ÍS til og frá Hornströndum í sumar. Reimar Vilmundarson eigandi Sædísar segir að í sumar hafi hann flutt 1700 manns samanborið við 1200 í fyrra. „Þetta er alveg stórgott. Vertíðin er búin núna en ég er að taka sætin úr bátnum og undirbúa næstu vertíð“, segir Reimar en Sædísin verður á netum í vetur. Hann flytur fólk frá Norðurfirði í Árneshreppi og fyrst og fremst í Hornbjargsvita og til Reykjarfjarðar. Hann mun halda ótrauður áfram næsta sumar og þegar byrjað að bóka sæti.

„Það sem kom okkur mest á óvart var hversu vinsælar dagsferðir frá Norðurfirði þar sem siglt var að Hornbjargi. Við ætlum okkur að þróa þær eitthvað áfram næsta sumar og erum að skoða útfærslur á þeim.“

Til greina kemur að sigla að Hornbjargi og leyfa fólki að virða fyrir sér hrikaleg björgin og á bakaleiðinni koma við í Reykjarfirði.

Mikilvægt að koma á samstarfi

Mikilvægt er að koma á samstarfi milli Menntaskólans á Ísafirði og grunnskólanna á svæðinu svo hinir síðarnefndu geti undirbúið þá nemendur sína sem stefna á afreksíþróttir. Þetta er meðal niðurstaða sem komu fram á ráðstefnu um afreksíþróttir sem haldin var í Menntaskólanum í sumar. Þá kom fram í umræðum á ráðstefnunni að nemendur afreksíþróttabrautar þyrftu að læra reglusemi með því að skipuleggja sjálf námið, íþróttaþjálfunina og daglegt líf, læra um mikilvægi næringar og hvíldar og taka að hluta til ábyrgð á eigin þjálfun, læra að setja sér raunhæf markmið og aðlagast kröfum um álag og æfingafjölda.

Verkalýðsfélagið semur við Intrum

Verkalýðsfélag Vestfjarða hefur samið við Intrum á Íslandi ehf. og Lögheimtuna ehf. um innheimtu vanskilakrafna. Væntanlega mun þessi þjónusta verða mest nýtt við innheimtu stéttarfélagsgjalda. Þetta kemur fram á vefsíðu Verkalýðsfélagsins. Þar segir jafnframt að atvinnurekendur á svæðinu séu upp til hópa reglu- og skilamenn í öllu sem varðar starfsmenn og réttindi þeirra. Þó séu þar innan um svartir sauðir, eins og annars staðar, og því hefur verið brugðið á þetta ráð.

Hin dularfulla Marta Sif

Mörtu Sif Ólafsdóttir er margt til lista lagt og þrátt fyrir ungan aldur hefur hún áorkað mörgu í þremur listum sem hún hefur brennandi áhuga á. Hún hefur duflað við leiklistina frá unga aldri og meðal annars sló hún í gegn sem Dórótheа í uppfærslu leikfélagsins Hallvarðar Súganda á síðustu Sæluhelgi á Suðureyri. Kaffið er önnur ástríða hennar en hún hefur verið tvö ár í röð í landsliði kaffibarþjóna og veit meira um drykkinn vinsæla en margur annar. Að eigin sögn hefur hún mestan áhuga á tónlist og vonast til að geta getið sér nafn í músíkinni sem Mysterious Marta, en það nafn valdi hún eftir að hafa kynnst því að vera dularfulla, nýja stelpan á Ísafirði. Bæjarins besta spjallaði við Mörtu um ástríðurnar þrjár og hvað varð til þess að tvítug stúlka ákvað að flytja búferlum til Ísafjarðar.

– Þú vaktir mikla athygli í leikritinu Galdrakarlinum í Oz, hvenær uppgötvaðir þú leiklistina?

„Ég byrjaði 14 ára á leiklistarnámskeiði hjá Helgu Völu Helgadóttur í Kramhúsinu. Það var upphafið og skondið að ég skuli svo lenda aftur með henni hér á Vestfjörðum. Síðan þá hef ég leikið ýmislegt. Þegar ég var 15 ára lék ég bakaradrenginn í Dýrunum í Hálsaskógi í uppfærslu í Hveragerði, ég var í Sauðkindinni í Menntaskólanum í Kópavogi og ýmislegu öðru, en síðustu árin hef ég ekki verið að leika mikið. En fyrir tveimur árum fór ég í Leiklistarskólann BÍL á Húsabakka og var þar í leikstjórn. Það var mjög gaman.

Þegar ég kom vestur tók ég þátt í uppsetningu fjögurra einleikja á vegum Litla leikklúbbsins sem síðar voru sýndir á Act alone hátíðinni. Það var í kjölfar einleikjanámskeiðs sem Elfar Logi Hannesson var með. Mér finnst einleikjaformið mjög skemmtilegt og áhugavert. Ég væri alveg til í gera það aftur. Sérstaklega núna þegar maður hefur verið í svona stórri sýningu eins og Galdrakarlinum, þá finnur maður hvað einleikjaformið er þægilegt. Maður hefur leikstjórann fyrir sjálfan sig alla æfinguna og næsta æfing fer bara fram þegar við bæði höfum tíma.“

– En er ekki meiri pressa að þurfa eingöngu að treysta á sjálfan sig og vera einn á sviði?

„Nei mér finnst það eiginlega betra“, segir Marta og hlær, „þótt allir hafi staðið sig mjög vel í Galdrakarlinum þarf maður að treysta á alla í kringum sig, og þar með talið fullt af börnum alveg niður í sex ára gömul. Svo að það er bara dálítið fínt að geta bara treyst á sjálfan sig. Þá veit maður allavega að ef eitthvað fer úrskeiðis er það manni sjálfum að kenna.

Ég hef alltaf haft áhuga á leiklistinni en einhvern veginn aldrei langað til þess að vera í leikfélagi fyrir sunnan. Ég var aldrei að „fíla“ mig innan áhugamannaleikhópa í Reykjavík. En ég var búin að ákveða að um leið og ég myndi flytja til Ísafjarðar skyldi ég ganga í leikfélag. Mér finnst miklu skemmtilegra að vera hér í leikfélagi heldur en í Reykjavík þar sem það var mikið sama fólkið og kannski svolítið erfitt að komast inn í hópinn. En hins vegar er hér fólk úr öllum áttum eins og sýndi sig í Galdrakarlinum þar sem Ungverji sem talaði enga íslensku, þýskur námsráðgjafi og alls konar fólk var saman komið. Stemmningin í Reykjavík var svolítið eins og atvinnumannaleikhús innan áhugaleikhússins, veistu hvað ég meina?“, spyr Marta og brosir hugsandi.

Vildi búa í gömlu bárujárnshúsi við sjóinn

– Hvað kom til þess að þú fluttir til Ísafjarðar?

„Það er spurningin sem brennur á allra vörum,“, segir hún og skellir upp úr, „en satt að segja þá leiddist mér í Reykjavík. Allt gerðist svo hratt og ég gat ekki hugsað fyrir látunum og stressinu sem þar er. Ég hef alltaf haft þá ímynd í kollinum að búa í eldgömlu bárujárnshúsi úti á landi við sjóinn og öldugangsinn, þar sem ég get setið inni og spilað á gítarinn minn. Svo ég lét bara verða af því. Fyrst vissi ég ekki hvert ég ætti að flytja. Ég vildi ekki flytja í of stórt bæjarfélag en ekki of lítið. Ég vildi flytja í gamlan bæ þar sem væru gömul hús með gamla sál, en þar yrði að vera mikið um menningu og leikfélag og tónlistarskóli að vera til staðar. Og þetta er allt að finna á Ísafirði.

Það var ekki auðvelt í fyrstu að finna íbúð þar sem ég var í Reykjavík, það er frekar slæmt að fólk sem vill flytja hingað lendi í erfiðleikum með að finna upplýsingar um íbúðir sem eru í framboði. T.d. er ekki hægt að sjá smáauglýsingar nema í blaðaútgáfu BB. Ég fór í gegnum Fasteignasölu Vestfjarða en var fyrst boðið íbúð frá þeim fyrir mánuði síðan.

Til allrar lukku er ég ættuð héðan og á því fullt af ættingjum hér og þau hjálpuðu mér að finna íbúð. Ég sótti um í Tónlistarskóla Ísafjarðar en þar var allt fullt, og ég var ekki komin með neina vinnu. Ég hafði heldur ekki alveg gert mér grein fyrir því hvernig atvinnuástandið er hérna. En ég skellti mér samt bara vestur, vongóð um að þetta myndi allt reddast og treysti örlögunum. Og það reddaðist allt. Ég var bara atvinnulaus í viku, og er rétt að gera mér grein fyrir því í dag hversu heppin ég var. Og ég hafði sagt við þau í Tónlistarskólanum að ef það losnaði eitthvað í þeim þremur fögum sem ég reyndi að skrá mig í myndi ég taka því. Það var söng-, gítar- og píanónám. Það losnaði pláss í píanónáminu og þar hef ég verið ásamt 6 ára krökkunum að læra grunninn. Ég held að ég sé mjög erfiður nemandi þar sem ég er svo óþolinmóð og vil kunna allt strax.

Ég lenti á Ísafirði í janúar og það fyrsta sem ég þurfti að gera var að kaupa mér skóflu til að moka frá húsdyrunum þar sem ég óð snjóinn næstum upp að mjöðm. Þetta var nánast eins og í bíómynd og var heilmikið ævintýri fyrir mig. Skömmu eftir komuna hingað skráði ég mig hjá Litla leikklúbbinum og áður en ég vissi var ég komin inn í allt saman. Stökk bara beint ofan í djúpu laugina.

Þetta gekk allt vel eftir og ég kann mjög vel við mig á Ísafirði. Æðislegt að búa hér vetur jafnt sem sumar. Ég hafði heyrt að það væri fínt að vera á Ísafirði á sumrin en ekki á veturna, en mér fannst æðislegt að vera hér í vetur. Ég er búin að kynnast fullt af fólki, það er góður andi og það er mikil samstaða hérna. Hér ætla ég að vera þar til ég hef ástæðu til þess að flytja eitthvert annað.“

– Þú hefur ættir að rekja til Ísafjarðar, hvernig þá?

„Afi minn hét Guðjón Halldórsson, en alltaf þegar fólk spyr mig hverra manna ég sé spyr ég á móti hvort þau þekki Möllu og Arnór. Malla var systir afa míns og er eiginlega amma mín fyrir vestan. Hún býður mér í pönnukökur og læri og þess háttar. Hún er frábær.“

Mysterious á Ísafirði

– Þú ert líka viðriðin tónlistina, segðu mér aðeins frá því?

„Ég er sjálflærð á gítar, en þegar ég var 16 ára langaði mig í gítarnámskeið í jólagjöf en fékk gítar í staðinn. Ég vissi nú ekki alveg hvað ég ætti að gera við hann og stillti honum upp við vegg þar sem hann safnaði ryki. Ári seinna var ég heima hjá þáverandi kærasta mínum og var að láta mér leiðast. Ég rakst á blað með gripunum af laginu Hey Jude. Ég komst í gegnum það og þá hlaut ég að geta eitthvað. Ég hef samt aldrei verið góð í að spila annarra manna lög. Sem sagt ég er ekki góður partý trúbador, en staðreyndin er bara sú að ég er ekkert rosalega góð á gítar. Ég man ekki alltaf hvað gripin heita og þess háttar. Það var því mun einfaldara fyrir mig að semja mín lög. Ég mundi þá líka textana“, segir Marta hlæjandi.

„Ég hef því verið að dútla mér við að semja og það hefur verið að aukast undanfarin ár. Ég hef verið að semja ljóð og texta síðan ég man eftir mér. Þegar ég kom vestur ákvað ég að leggja meiri áherslu á tónlistina mína og ég stefni að því að halda tónleika í haust. Mér fannst ég þurfa listamannsnafn og mér datt Mysterious Marta í hug því ég hef upplifað það að vera dularfulla Marta á Ísafirði. Fólk sem kom inn í blómabúðina rak upp stór augu og velti því fyrir sér hver ég væri og hvað ég væri að gera hér. Mér fannst nafnið hljóma vel og ákvað að halda mig við það.

Ég hef ekki haft neinn tíma til þess að sinna tónlistinni að undanförnu vegna leiklistarinnar, en ég ætla að einbeita mér að því núna. Mig langar til þess að fara að taka upp einhver lög og svona fikra mig meira áfram í þessu.“

– Svo áhuginn þinn liggur helst í tónlistinni?

„Já ég myndi segja það“, segir Marta og kinkar áköf kolli.

– Nú snýst hlutverkið hennar Dórótheu mikið um söng, var það ekki pressa að þurfa að syngja lög sem eru þekkt og dáð um allan heim?

„Já, manni fannst einmitt mjög skrítið að heyra lögin á íslensku og sjá hvernig þetta virkaði allt saman þar sem sýningin er mjög stór í sniðum. En þetta virkaði allt saman fínt. Mér finnst ótrúlegt hvað okkur tókst vel til.

Ég er rosalega hrifin af Suðureyri eftir að hafa eytt svona miklum tíma þar, og frábært hvað mikið er í gangi þarna miðað við svona lítinn bæ. Ég væri alveg til í að búa þarna ef ég ætti bíl.“

– Þú starfar í Blómaturninum í hjarta Ísafjarðar, hvernig finnst þér það?

„Ég var ákveðin að vinna ekki á kaffihúsi í fullu starfi. Ég sótti fyrst um hjá 3X-Stál þar sem ég frétti að það vantaði fólk þar. Ég var samt ekki ráðin af einhverjum ástæðum“, segir Marta og setur kímin upp hneykslunarsvip. „Ég var alveg búin að undirbúa mig undir að fara í vinnugallann. En þannig fór um sjóferð þá. En sótti þá um í blómabúðinni sem er náttúrulega

Málað í skjóli nætur

Glöggir vegfarendur sem eiga leið um Urðarveg hafa kannski tekið eftir því að búið er að mála vatnsveituhúsið sem stendur ofan við götuna. Lengi hefur staðið til hjá bænum að mála húsið og leiddist einum íbúa Urðarvegar biðin og keypti málningu og málaði húsið fagurhvítt. Hver það var er ekki vitað og þegar blaðamaður gekk á einn íbúa í götunni sem vill ekki láta nafns síns getið var svarið: „No comment.“ Jóhanni Birki Helgasyni var ekki kunnugt um málið en sagði að samkvæmt áætlun hafi átt að mála húsið í haust. „Það er alveg ljóst að fólki er annt um umhverfi sitt“, segir Jóhann. Aðspurður segir hann að bærinn muni ekki aðhafast neitt í málinu en bendir fólki á að láta vita hyggist það mála eigur bæjarins. „Það má benda á að áhaldahúsið og slökkvistöðin á Flateyri þarfnast málningar ef einhver hefur áhuga á.“

Vatnsveituhúsið, nýmálað og fagurt.

Vilja byggja íbúðir fyrir eldri borgara

Fyrirtækið EMEX ehf., hefur óskað eftir leyfi til að byggja íbúðir fyrir eldri borgara á lóðinni við Aðalstræti í Bolungarvík. Jafnframt var óskað eftir því að Bolungarvík kaupi kjallara fyrirhugaðrar byggingar og ábyrgist leigu fimm íbúða í húsinu til fimm ára. Þetta var tekið fyrir á bæjarráðsfundi þar sem bókað var að ráðið fagnar þessu framtaki og telur að hér sé horft til framtíðar. Bæjarstjóra og formanni bæjarráðs er falið að ganga til viðræðna við EMEX ehf. Eigendur fyrirtækisins Emex eru: Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík, Vestfirskir Verktakar og Kjartan Ragnarsson, athafnamaður á Suðurnesjum.

Verðlækkun í mötuneyti GÍ

Skólamáltíðin í Grunnskólanum á Ísafirði mun kosta 320 krónur í vetur og 285 í áskrift. Þrátt fyrir vísitöluhækkun lækkar verð á máltíðinni til barnanna um 25 krónur. Heildarverð til verktaka verður 470 krónur skammturinn og niðurgreiðsla bæjarins því 150 krónur. Til samanburðar má nefna að gjaldskrá mötuneyta grunnskólanna á Akureyri hækkar um 12% samkvæmt ákvörðun skólanefndar. Til samanburðar má nefna að á Akureyri er verðið á einstökum máltíðum það sama og á Ísafirði.

mjög ólík 3X-Stáli. Ég fékk starfið og hafði nú ekki mikið vit eða áhuga á blómum þegar ég byrjaði. En ég komst að því að þetta er mjög skemmtilegt starf. Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt og svo kynnist maður bæjarlífinu ansi vel. Maður tekur óbeint þátt í því sem er að gerast eins og þegar tilvonandi brúðirnar koma að velja brúðarvendi eða þegar fólk kemur til að senda samúðarkort og gjafir þegar dauðsföll bera að.“

Komin í kaffipásu

– Þú hefur getið gott af þér í kaffilistinni, hvernig kom það til?

„Ég var að vinna í Te og kaffi í þrjú ár. Ég fékk óvart vinnu þar þegar ég var 17 ára í gegnum vinkonu mömmu minnar. Ég sótti sem sagt ekki um starfið sjálf og hafði satt að segja takmarkaðan áhuga til að byrja með. En áhuginn kviknaði fljótlega enda var ég að vinna með rosalega skemmtilegu fólki sem hafði brennandi áhuga á kaffi. Manni var kennt á expressovélina en það var allt mjög heilagt og maður fékk ekki að koma við hana fyrstu tvo mánuðina. Þetta var tekið mjög alvarlega. Síðan nokkrum mánuðum seinna tóku krakkarnir, sem ég var að vinna með, þátt í Íslandsmeistaramóti kaffibarþjóna. Það var einmitt fyrsta helgin mín þar sem ég var ein á kaffivélinni, sem mér fannst þvílíkt mál. En þá vann Njáll Björgvinsson sem er góður vinur minn. Það var svo skemmtileg upplifun að fá að fylgjast með þegar hann fór á heimsmeistaramótið. Árið eftir fór ég og keppti í Íslandsmeistaramótinu og komst í sex manna úrslit og þar af leiðandi í landsliðið. Þá vann líka góð vinkona mín, Jónína S. Tryggvadóttir, sem gerði þetta enn þá skemmtilegra.

Ég var þá allt í einu komin í landslið kaffibarþjóna eftir að hafa unnið við þetta í rúmt ár en hafði ekki einu sinni vitað hvað kaffi var áður en ég byrjaði hjá Te og kaffi. Ég fór á heimsmeistaramótið til að styðja Jónínu, sem þá var haldið í Seattle og þetta var rosalega gaman. Ári seinna tók ég aftur þátt og lenti aftur í sex manna úrslitunum og landsliðinu. Að auki vann ég titilinn Íslandsmeistari í mjólkurlist 2006, en það felst í því að gera laufblauð og hjörtu og þess háttar í mjólkurfroðuna. Ég keppti því í mjólkurlist á heimsmeistaramótinu, sem við skulum nú ekki tala meira um“, segir Marta og tekur bakföll af hlátri. „Ég er nýbúin að missa titilinn og nýdottin úr landsliðinu eftir að hafa verið í því árin 2005 og 2006. Ég var búin að vinna á Te og kaffi í þrjú ár og ég þurfti pásu, kaffipásu. En hún varði nú ekkert voðalega lengi því ég byrjaði að vinna á Langa Manga í apríl og hef verið að taka námskeið og hjálpa kaffihúsum Ísafjarðar að bæta sig í kaffilistinni. Það er mjög gaman að geta nýtt kaffiþekkingu mína til þess að hjálpa Ísfirðingum að byggja upp kaffimenningu. Auk þess sem ég fæ þá að hafa puttana í kaffinu því ég get ekki alveg látið það vera. Ég fylgist enn grannt með keppninni fyrir sunnan og var dómari á tveimur mótum sem falla undir Íslandsmeistaramótið, í mjólkurlist og í kaffi í góðum vínanda. Einnig var ég kynnir á Íslandsmeistaramótinu svo maður hefur nú ekki alveg sleppt takinu á þessu. Kaffi er mikil ástríða hjá mér.

Mér finnst það frábært hve kaffimenningin hefur batnað á Ísafirði en þegar ég kom vestur fyrst var nánast ómögulegt að fá gott kaffi hér. En nú get ég fengið gott kaffi á öllum kaffihúsum bæjarins og svo skemmtilega vill til að nánast enginn er að selja kaffi frá sama fyrirtæki svo maður getur fengið mismunandi kaffi á hverjum stað.“

Kann betur við Ísafjörð en New York

– Þú segist kunna vel við þig á Ísafirði, hvað er það sem þér fellur svona vel?

„Það er allt annar hraði á öllu hér og fólk er mun afslappaðra. Eins og þegar ég vann fyrstu helgina mína í blómabúðinni þá fylltist búðin og ég varð mjög stressuð. En viðskiptavinirnir voru sallarólegir því að allir vissu að ég væri nýja stelpan. Ég hef aldrei lent í neinu veseni, leiðinlegum kúnnum eða að fólk sé að æsa sig. Það er ekki að stressa sig á hlutunum eins og fólkið í Reykjavík. Það lifir bara í núinu. Ég „fíla“ það mjög vel. Ég er meira að segja orðin það harður Vestfirðingur að ég er kominn með hausverk eftir nokkra daga í Reykjavík. Mér finnst frábært að hitta fullt af fólki á leiðinni út í búð og spjalla á götunni. Ég bjó úti í New York síðasta sumar og þá gerðist það einu sinni að ég hitti einhvern sem ég þekkti úti á götu, enda eru líkurnar 1 á móti 9 milljónum“, segir Marta og hlær yfir þessari skemmtilegu andstæðu. „Ég var þar í fjóra mánuði sem au pair að passa tvíbura og fimm ára stelpu. Það var mjög skemmtilegt. Ég kom heim í október og flutti svo skömmu seinna til Ísafjarðar. Ég verð að segja að ég kann betur við Ísafjörð en New York“, segir Marta og brosir einlæglega. Blaðamaður efast ekki um að Marta muni takast að láta allt gerast sem hana langar til með sínum mikla eldmóði og bjartsýni og eigi eftir að láta að sér kveða í tónlistarlífinu. Ísfirðingar geta þá verið montnir af því að hægt verði að rekja nafngiftina til Ísafjarðar.

– thelma@bb.is

Gott starfsfólk undirstaða velgengni

„Gott starfsfólk er undirstaða að velgengni stofnana og fyrirtækja.“ Þetta sagði Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, við setningu skólans sem fór fram í síðustu viku. Þetta er í 38. sinn sem skólinn er settur. Jón tók við starfi skólameistara MÍ fyrr á árinu og kom fram í ræðu hans að skólinn sé skipaður góðu starfsfólki og kennurum sem eru metnaðarfullir og áhugasamir.

„Um þetta eru nemendur skólans sammála eins og fram kom í kennslukönnun sem lögð var fyrir þá á síðustu önn. Þetta sýndi sig einnig á starfsdögum kennara í vor og svo aftur nú á síðustu tveimur dögum. Margar góðar tillögur um umbætur í skólastarfi voru samþykktar og er verið að hrinda þeim í framkvæmd.“

Við upphaf haustannar töldust skráðir nemendur Menntaskólans á Ísafirði vera um 300 sem eru aðeins færri en á sama tíma í fyrra. Enn er eftir að innrita í dreifnám svo þessi tala mun líklega hækka nokkuð. Alls bárust 86 umsóknir um nýskráningu í skólann. Nýnemar úr grunnskóla eru 54, sjö koma með mat úr öðrum skólum og 25 endurinnrita sig eftir hlé frá námi. Til samanburðar þá var 71 nýnemi innritaður við upphaf síðasta skólaárs sem er 24% fækkun. Þegar Iðnskólinn á Ísafirði og Menntaskólinn á Ísafirði hófu samstarf fyrir 20 árum voru skráðir nemendur um 200 samanlagt. Allt frá þeim tíma hefur aðsókn í skólann aukist jafnt og þétt og nemur fjölgunin um 50% á sama tíma og nemendum á norðanverðum Vestfjörðum fækkaði um tæp 30%.

Unnið hefur verið að því að gera verknámsgreinum hátt undir höfði við skólann og nú eru 95 verknámsnemar við skólann sem eru 32% dagskólanema.

Fjölmenni var við setninguna.

Björn ritar sögu MÍ

Menntaskólinn á Ísafirði hefur samið við Björn Teitsson um að hann taki að sér að rita sögu skólans. Ritnefnd hefur einnig verið skipuð þar sem sitja fulltrúar kennara, eldri nemenda, þeirra nemenda sem stunda nám við skólann nú og fulltrúi þeirra sem komu að stofnun skólans.

Björn, sem var skólameistari MÍ í rúma tvo áratugi mun heimsækja skólann í byrjun september og hefjast handa við efnisöflun. Að sögn Birnu Lárusdóttur, formanns skólanefndar, var ákvörðun tekin um það í skólanefnd að ráðast í þetta verk og er nefndin sérstaklega ánægð með að Björn hafi tekið að sér verkið. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á fertugasta starfsári skólans sem hefst á haustönn 2009.

Mannlífið

Ferðamönnum fjölgaði í júní

Aukning varð í komum ferðamanna til Vestfjarða í júní miðað við árið í fyrra. Heimir Hansson, forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvar ferðamála, segir að aukningin hafi verið gríðarleg í júní og nokkur í júlí. „Ég er ekki búinn að taka saman ágústmánuð en ég hef tilfinningu fyrir því að við séum að fá fleiri“, segir Heimir. Hann segir að sitt lítið af hverju valdi þessu. „Veðrið á Vestfjörðum hefur verið mjög gott í sumar og það er hvetjandi á fólk. Einnig eru Vestfirðir að komast betur á kortið, bæði hjá Íslendingum og útlendingum. Mér heyrist að flestir í þessum bransa hafi fengið fleiri ferðamenn en í fyrra þó að einhverjar undantekningar séu á því.“

Smáauglýsingar

Til sölu er húseignin að Hjallavegi 11 á Suðureyri með góðri lóð. Uppl. í síma 891 9253 eða 848 6013.

Til sölu er þvottavél og ísskápur. Verð kr. 30 þúsund stykkið. Upplýsingar í símum 891 9253 eða 848 6013.

Til sölu er Hókus Pókus stóll og Simo barnakerra í góðu standi. Selst ódýrt. Uppl. gefur Sólrún í síma 861 5260.

Til sölu eru fjögur nagladekk, negld snjódekk á felgum, svo til óekin. Passa undir Toyota Corolla, Renault Mégan, Renault Mégan Schenic o.fl. Gott snjómynstur. Verð kr. 20-25 þús. fyrir fjögur stykki. Uppl. í síma 571 4692 og 849 4692.

Til sölu er Isuzu Trooper, dísel, árg. 99, ekinn 93 þús. km. Uppl. í síma 456 3971.

Til sölu er 16m67% eignarhlutur í Blómaturninum á Ísafirði. Uppl. í síma 893 5199.

Til sölu er Hjallavegur 4, u.þ.b. 200m², Upplýsingar í síma 897 9360 eða 869 5636.

Til leigu glæsilegt einbýlishús á Suðureyri. Ljóst fljótlega eftir miklar endurbætur. Upplýsingar í síma 845 5625.

Óska eftir vel með förnum ísskápi. Þarf að vera með frystihólfi. Uppl. í síma 867 6657.

Til sölu er Windrider skúta. Mjög góð þríbytna fyrir byrjendur og aðeins lengra komna. Upplýsingar í síma 456 7121.

Kaupi bíla til niðurrifs. Uppl. í síma 899 4201.

Óska eftir að kaupa píanó. Uppl. í síma 893 4205.

Til sölu er Frenzy snowkite 06, 10m² blár og gulur. Frábært leiktæki fyrir veturinn. Upplýsingar í síma 847 3856.

Til sölu er húseignin að Hjallavegi 11 á Suðureyri. Um er að ræða 140m² hús með góðri lóð. Upplýsingar í símum 891 9253 eða 848 6013.

Til sölu er Silver Cross barnavagn. Einnig Bébecar ásamt ungabrnastól, Hókus Pókus barnastóll og „ömmustóll“. Uppl. í síma 899 0742.

Óska eftir lítilli frystikistu til kaups. Uppl. í síma 823 6530.

Ertu orðin(n) áskrifandi? Síminn er 456 4560

Spurning vikunnar

Ertu ánægð(ur) með nýja altaristöflu í Ísafjarðarkirju?

Alls svöruðu 483.
Já sögðu 274 eða 57%
Nei sögðu 83 eða 17%
Hlutlausir voru 126 eða 26%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Fornleifafraedingar: Garðar Gunnarsson, Guðrún Alda Gísladóttir og Christine Forestdal við vinnu sína á Eyrartúni.

Mikla sögu hægt að lesa úr öskuhaugi

Hópur frá Fornleifastofnun stóð að könnunargrefti á Eyrartúni fyrir skemmstu. Fimm fræðingar á vegum Fornleifastofnunar unnu að greftinum með liðsinni tveggja pilta frá Ísafirði. Verkefnið var unnið í samstarfi við Byggðasafn Vestfjarða en Baugur fjármagnaði það. Bæjarins besta kíkti við á lokadegi verkefnisins og spjallaði við Guðrúnu Öldu Gísladóttur, fornleifafræðing sem hafði umsjón með verkinu.

„Við höfum verið að skoða öskuhauginn sem stóð fyrir neðan gamla Eyrardalsbæinn. Maður sér það glögglega á því hvernig landið rís og myndar hól við minnismerki sjómanna að hér hefur verið haugur, en allir hólarnir á Eyrartúni eru byggingaleifar eða sem sagt manngerðir. Árin 2003 og ´04 vorum við að rannsaka bæjarstæðið og má sjá á hvaða svæði við vorum þar sem það er óslegið“, segir Guðrún Alda Gísladóttir, fornleifafræðingur.

Grófturinn stóð yfir í 10 daga og var ýmislegt sem leyndist undir grasinu. „Öskuhaugar geyma mjög miklar upplýsingar, en þar erum við að skoða matarleifarnar. Við höfum fundið ógrynni af dýrabeinum, allt frá músum upp í hvali. Þannig getum við séð samsetningu matarræðis og hvort það breytist með tímanum, það sjáum við á því að bera saman það sem kemur upp í yngstu lögunum og þeim neðstu. Beinin verða svo send til The City college of New York í Bandaríkjunum, þar sem þau verða rannsökuð af Ramonu Harris, dýrabeinafræðingi en hún vann með okkur að greftinum.

Með því rannsaka öskuhauga fáum við upplýsingar um aðbúnað, efnahag og eins ef við sjáum að aðeins vissir hlutar af skepnunni hafa verið notaðir gefur það okkur vísbendingar um út og inn-flutning. Það er mikla sögu hægt að lesa úr öskuhaugi.“

Bæjarbúar áhugasamir

– Nú fundust fyrir þremur árum á Eyrartúni ýmsir munir sem taldir eru vera frá 19. öld, hafið þið fundið eitthvað svipað í ár?

„Já það kom heilmikið upp þegar við gerðum könnunargröft þá. Við fundum bæjarhúsin og þau líta mjög vel út og voru rétt undir sverðinum. Strax við fyrstu skóflustungu komu í ljós, veggi og herbergi. Og í húsunum fundum við marga gripi. En við höfum fundið mjög fáa gripi í öskuhauginum en hins vegar smekkfullt af beinum, alveg tugi kílóa, svo við erum mjög ánægð með afraksturinn.“

Að greftinum unnu fimm fræðingar frá Fornleifastofnun og tveir ísfirskir piltar.

– Vitið þið hve langt er síðan þessum beinum var hent á hauginn?

„Við vitum að við erum í mjög ungum lögum núna og við komumst ekki lengra niður að svo stöddu. Þetta eru því leifar frá 18., 19., og 20., og við þurfum að fara dýpra til þess að finna eldri muni. Þetta er því svipað tímabil og munirnir sem fundust í bæjarrústunum voru frá. Bærinn var yfirgefinn 1874 þannig að þeir munir sem við fundum er líklegast fyrir þann tíma, en eins höfum við einnig verið að finna yngri muni. Eins og í öskuhaugsgreftinum höfum við fundið alls kyns nýlegt dót. Til dæmis höfum við fundið nokkra peninga og sá elsti var frá 1880. Það hefur göngustígur legið nýlega yfir hólinn og þar við liggur margt mjög nútímalegt, eins og plaströr og kveikjarar og þess háttar sem var áberandi yngst.“

– Greftinum lauk fyrir viku og héldu fornleifafræðingarnir þá heim á leið. En hvað er framundan?

„Ég vona að við munum koma aftur og halda áfram rannsóknum okkar, en það fer allt eftir fjármagni. Við lokum því svæðinu eins og við eigum ekki afturkvæmt því maður veit aldrei hvað gerist að ári liðnu. Það væri samt frábært að halda áfram og ég hef trú á að svo verði.

Fólk hefur sýnt þessu mikinn áhuga og það er gaman að vera svona í miðju bæjarfélagi þar sem allir geta fylgst með. Það hafa margir stoppað hjá okkur og spurt okkur út í verkefnið sem er mjög skemmtilegt.

Öskuhaugurinn uppgötvaðist þegar fyrst var farið að grafa fyrir minnismerki sjómanna árið 1974. Þá komu bæjarstarfsmennirnir niður í hauginn. Það var síðan staðfest árið 2004 með litlum rannsóknaskurði. Og þess vegna erum við að dembdum okkur í hann nú“, segir Guðrún Alda.

– thelma@bb.is

Megas og Senuþjófarnir á leið vestur

Stór tíðindi hafa verið kunngjörð en Megas ásamt hljómsveit sinni Senuþjófunum mun troða upp í Edinborgarhúsinu eftir þrjár vikur. Frágangur, ný plata meistarans, hefur hlotið fádæma góðar viðtökur, sérstaklega í ljósi þess að hann hefur aldrei þótt mjög söluvænlegur og verið á köflum hálf utanveltu í íslenskri vinsældatónlist. Á íslenskan mælikvarða er platan að seljast í bílförmum. Tónleikarnir verða í Edinborgarhúsinu laugardaginn 15. september. Frágangur er fyrsta plata Megasar í ein 6 ár og sú fyrsta síðan 1990 sem Megas gerir með hljómsveit. Edinborgarhúsið opnar kl. 20:00 laugardaginn 15. september og hefst forsala í öllum verslunum Skífunnar, BT og á midi.is föstudaginn 24. ágúst kl. 11:00. Miðaverð er 2.800.- kr.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Sunnan og suðvestanátt, 5-10 m/s. Rigning um mest allt land, síst á Austurlandi. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir að snúist í norðanátt og léttir til sunnanlands. Kólnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Norðlæg eða breytileg átt og skýjað með köflum, en víða skúrir um sunnanvert landið. Hiti 5-10 stig.

Námið mitt!

Eyþór Jóvinsson frá Flateyri er að hefja nám í arkitektúr við Listaháskóla Íslands.

–Hvernig datt þér í hug að fara í arkitektúr?

„Ég hef alltaf verið frekar heillaður af arkitektúr og hef verið að teikna hús alveg frá því að ég man eftir mér. Svo var ég að smíða hús úr Legói langt fram undir fermingu og fannst það vera svaka fjör.“

–Er ekki strangt umsóknarferli í skólann?

„Jú, það er talið æskilegt að umsækjendur séu útskrifaðir af listnámsbraut þannig að þeir eigi nóg af efni til að setja í möppu. Mappan í raun umsóknin sem er send skólanum og í þessu tilfelli eru 30 bestu möppurnar valdar og þeim sem eiga þær er boðið í viðtal. Af þessum 30 eru svo 15 sem komast inn. Ég var ekki búinn með neitt listnám og bjó möppuna eiginlega til úti á sjó rétt áður en umsóknarfresturinn rann út, í skíta brælu. Ég gerði mér því ekki miklar væntingar, en af rúmlega 100 umsóknum vorum við aðeins tveir sem ekki vorum búnir með neitt listnám. Ég er því mjög sáttur.“

–Hvað er þetta langt nám?

„Maður tekur fyrstu þrjú árin hérna heima, svo tekur við starfsþjálfun í 1-2 ár að ég held. Síðan er farið í tveggja ára mastersnám til útlanda. Ég er sjálfur að hugsa um að klára námið úti í Japan eða Ástralíu. Ég gjörsamlega elska japanskan arkitektúr! Ég veit bara ekki hvernig það gengur að komast inn í skóla þar.“

–Heldur þú að þú munir snúa aftur heim að loknu námi?

„Draumurinn er að hanna og byggja mér vinnustofu heima á Flateyri. Þetta er þannig vinna að maður getur unnið að teikningum og hugmyndum hvar sem er hvort sem maður er að hanna hús sem á að byggja í Asíu, Ameríku eða Evrópu.“

Námið mitt!

Linda G. Lyngmo er 22 ára Ísfirðingur sem stundar nám við Háskólann í Reykjavík.

–Í hvaða námi ertu?

„Ég stunda nám á öðru ári í rekstrarverkfræði.“

–Hvað lærir maður í rekstrarverkfræði?

„Rekstrarverkfræði er samblanda af rekstri,stjórnun og verkfræði. Á fyrsta ári er lögð áhersla á grunnfög í almennri verkfræði, s.s. stærðfræði, eðlisfræði og tölvunarfræði en eftir það verður námið sérhæfðara og snýr meira að rekstri og stjórnun þar sem námsefnið er nálgast út frá verkfræðilegri aðferðafræði. Núna er ég í stjórnunaráfanga, stærðfræði, tölfræði, verðbréfum og verkefnastjórnun.“

–Hvernig líkar þér námið og skólinn?

„Háskólinn í Reykjavík er að mínu mati nútíma skóli sem stenst allar þær kröfur sem nemandi getur sett fram. Mér líkar mjög vel við skólann, hann er í stöðugri þróun samhliða þjóðfélaginu og í góðu sambandi við atvinnulífið. Sem dæmi má nefna þá fara nemendur á fyrsta ári í rekstrarverkfræði einu sinni í viku í fyrirtækjaheimsóknir, þ.e. þá eru forsvarsmenn (með verkfræðimenntun) hinna ýmsu fyrirtækja heimsóttir og kynna þeir stjórnunarhætti sína. Dæmi um fyrirtæki sem við heimsóttum í fyrra eru Actavis, Skýrr, Alcan og Össur.

Mér finnst rekstrarverkfræði afar áhugavert nám. Mikil eftirspurn er eftir verkfræðimenntuðu fólki í dag og eru atvinnumöguleikar að loknu námi fjölbreyttir og góðir.“

–Ertu búin að ákveða hvað tekur við að grunnnámi loknu?

„Ég hef ekki tekið endanlega ákvörðun um hvaða tiltekna mastersnám ég ætla að leggja stund á en ég ráðgeri að stunda það nám erlendis. Þau lönd sem heilla hvað mest eru Bandaríkin, Bretland og Ítalía en hvað framtíðin ber í skauti sér er ómögulegt að segja.“

Benedikt grillar á Gleiðarhjalla í árlegri 17. júní ferð HGFÍON 2005.

Sælkeri vikunnar er Benedikt Hreinn Einarsson á Ísafirði

Háskauppskriftir háskagrillarans

Sælkeri vikunnar, Benedikt Hreinn Einarsson, er einn af forsprökkum Háskagrillunarfélags Ísafjarðar og nágrennis, HGFÍON. Háskagrillun er jaðaríþrótt sem gengur út á það að grilla við erfiðar aðstæður eða á óvenjulegum stöðum. Það er því viðeigandi að fá nokkrar háskauppskriftir frá Benedikt. Í nágrenni Ísafjarðar mælir Benedikt með Gleiðarhjalla, Kubba og Naustahvilft til háskagrillunar. Þess ber að geta að Benedikt hleypur í skarðið fyrir Guðrúnu Fanný Björnsdóttur, sem skorað var á í síðasta blaði.

„Byrjað er á því að kaupa einnota grill, mat, og drykkjarföng. Því næst er staðsetning valin“, segir Benedikt. „Þegar á staðinn er komið er grillinu komið fyrir á ljósmyndavænum stað og kveikt í. Munið að hreinsa upp eftir ykkur og ekki setja grillið beint á grasið því þá skilur það eftir sig ljótan brunablett.“

Uppskriftirnar sem Benedikt gefur BB hafa verið margreyndar í háskagrillunarferðum HGFÍON.

Háskagrillaðir svínahnakkar

úrbeinaðir og reyktir svína hnakkar
BBQ sósa

Smellið svínahnökkunum á funheitt grillið. Smyrjið góðu lagi af BBQ sósu á báðar hliðar þegar hnakkarnir eru við það að verða tilbúnir. Látið malla í eina mínútu á hvorri hlið.

Ef ekki fæst reykt svínakjöt sem vill stundum gerast þá er hér tilbrigði við réttinn sem virkar vel uppi á fjöllum og í sólarlaginu. Uppskriftin er miðuð við svínakjöt fyrir fjóra.

Myntusinnepskryddlögur:
2 msk hvítvínsedik
2 msk dijon sinnep
½ dl salatolía
1 msk myntulauf, söxuð
hálfur rauðlaukur, saxaður
2 msk saxaður hvítlaukur
salt og grófmalaður pipar

Blandið öllu saman í matvinnsluvél og látið kjötið liggja í marineringunni í tvær klukkustundir. Strjúkið löginn af áður en grillun hefst og penslið kjötið með leginum á meðan verið er að grilla.

Með þessu er gott að bjóða upp á hrásalat, kartöflusalat eða bara það sem er við höndina.

Hrefna háskagrillarans

Marinerað hrefnukjöt úr Samkaupum

Grillið marinerað hrefnukjöt vel og lengi (eða eins lengi og hver þorir og vill). Berið fram með kartöflusalati og piparsósu.

Mælt er með því að borða kjötið með guðsgöfflunum.

Grillaðir bananar

bananar
Pipp súkkulaði
sykurpúðar

Skerið rauf í bananana endilanga. Troðið bitum af Pipp piparmyntusúkkulaði og sykurpúðum í raufina, eins og pláss leyfir. Vefjið bananann inn í álpappír og grillið þangað til súkkulaðið er bráðnað.

Að lokum er skálað fyrir náttúrunni. Og munið að taka myndir!

Ég skora á vin minn, Jón Gunnarsson, að vera næsti sælkeri vikunnar, en Jón er þekktur fyrir mikinn metnað í eldhúsinu, sérstaklega hvað varðar gerð hins fullkomna hamborgara.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn



Breytingartillaga umhverfisnefndar þar sem búið er að færa þjóðveginn niður í fjöru.

Lengi staðið til að færa þjóðveginn í gegnum Hnífsdalinn

Til umræðu er að sá hluti þjóðvegarins milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sem liggur í gegnum Hnífsdal verði fluttur og liggi í framtíðinni í sjávarmálinu í Hnífsdalsvíkinni. Ekki eru allir á eitt sáttir með þessa breytingu og hafa hjónin Stefan og Birgit Abrecht lýst yfir andstöðu við nýtt vegarstæði. Jóhann Birkir Helgason, bæjartæknifræðingur Ísafjarðarbæjar, segir að verið sé að vinna í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og hluti af því sé að umferðarþyngri vegir verði fyrir utan byggð.

„Ég skil aðfinnslur íbúa við Stekkjargötu en þeir sem búa við Ísafjarðarveg eru velflestir ánægðir með að losna við umferðina“, segir Jóhann. Málið var kynnt á fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar í síðustu viku og samþykkti nefndin að breytingar á aðalskipulagi vegna jarðganga um Óshlíð yrðu auglýstar. Jóhann segir að það hafi verið ósk umhverfisnefndar á sínum tíma að fara þessa leið og búið að tala um það mjög lengi þó það hafi ekki komist inn á aðalskipulag.

Núverandi skipulag í Hnífsdal.

Búist er við að umferðarþungi milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur aukist verulega þegar jarðgöng um Óshlíð verða tekin í gagnið. Í dag keyra að meðaltali 600 bílar á milli en búist er við að bílunum fjölgi verulega og 1000 bílar keyri göngin og þar með í gegnum Hnífsdal.

Í bréfi Stefans og Birgit, sem birtist í síðasta tölublaði BB, kemur fram að þau hafi keypt húsið við Stekkjargötu meðal annars vegna útsýnis yfir Djúpið. Það mun allt breytast þegar og ef nýr vegur verður lagður. Stefan og Birgit eru arkitektar og skilja ekki að fórna þurfi strandlengjunni fyrir 15 sek. eins og þau orða það en það er sá tímasparnaður sem hlýst af nýjum vegi.

Neikvæður hagvöxtur

Hagvöxtur á Vestfjörðum á tímabilinu 1998-2005 var neikvæður um þrjú prósent. Á landinu í heild var 40% hagvöxtur. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Byggðastofnunar um hagvöxt landshluta. Skýrslan var gerð í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Mestur var hagvöxturinn á höfuðborgarsvæðinu og á Austfjörðum eða ríflega 50%. Minnstur var hann á Norðurlandi vestra og næst minnstur á Vestfjörðum. Síðastnefndu landshlutarnir eru þeir einu þar sem hagvöxtur var neikvæður.

Vergar þáttatekjur á mann hafi aukist á Vestfjörðum á verðlagi ársins 2000. Þannig voru þær 2 milljónir árið 1998 og jukust í 2,2 milljónir árið 2005. Þáttatekjur Vestfirðinga voru meiri en íbúa höfuðborgarsvæðisins í upphafi tímabilsins en fljótlega fór að halla undan fæti. Í skýrslunni kemur fram, að mikill munur er milli landshluta á því hvaða atvinnugreinar mynda hagvöxtinn. Þjónusta skýrir mestan vöxt á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum landshlutum vex þjónusta einnig mikið. Á Austurlandi skýrir byggingarstarfsemi hins vegar hagvöxtinn að mestu.

Á Vesturlandi er mestur vöxtur í þjónustu og iðnaði. Á Suðurlandi skiptist hagvöxtur nokkuð jafnt milli atvinnugreina en samdráttur er í veiðum. Samdráttur í veiðum og fiskvinnslu skýra neikvæðan hagvöxt á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. *– smari@bb.is*

Frístundakort tekin upp í Bolungarvík

Bolvískir foreldrar geta frá og með 1. september ráðstafað 15.000 kr. styrk til íþrótta- og tómstundastarfs fyrir hvert barn á aldrinum 6 til 16 ára. Frístundakortið nær til starfsemi íþróttafélaga og skipulagðs félags- og tómstundastarfs sem stendur í 6 vikur eða lengur og greitt er fyrir með þáttökugjöldum á tímabilinu 1. september 2007 til 31.ágúst 2008.

Foreldrar eiga rétt á 15 þús. kr. styrk fyrir hvert barn á grunnskólaaldri til niðurgreiðslu íþrótta- eða tómstundastarfs sem er viðurkennt sem slíkt í sveitarfélaginu. Foreldrar greiða fyrir námskeiðið og fá endurgreitt allt að 15.000 krónur.

– thelma@bb.is

Vill kaupa rækjuvinnslu Miðfells

„Jú, það er rétt. Við feðgar erum að spá í að kaupa verksmiðjuna en það eru ýmis ljón í veginum,“ segir Jón Guðbjartsson útgerðarmaður aðspurður hvort hann ætli að kaupa þrotabú Miðfells. Hann segir að málið sé í biðstöðu og þá fyrst og fremst vegna þess að frystigeymsla Miðfells sem er við Suðurgötu sé ekki inni í þrotabúinu. Landsbankinn tók hana upp í skuld.

„Frystir Miðfells er mjög lítill og útilokað mál að reka verksmiðjuna án þess að hafa stóru frystigeymsluna líka. Það þarf bæði að geyma unnar afurðir og rækju sem bíður vinnslu og það verður ekki gert í frystinum sem er í verksmiðjunni.“ Hann er í samningaviðræðum við Landsbankann um kaup á frystigeymslunni og tíðinda að vænta í þessari viku. Jón segir það einnig klárt mál að taka þurfi til í kerfinu eigi að vera hægt að reka rækjuverksmiðju.

„Í dag er verið að borga fyrir leigu á rækjukvóta sem er ekki veiddur og það sér hver maður að það gengur ekki til lengdar. Eg mun fara þess á leit við Einar Kristinn að þessu verði breytt“, segir Jón. Þá er hann nokkuð vongóður að veiðar á innfjarðarækju verði leyfðar í haust. „Leiðangur Hafrannsóknastofnunar í fyrra kom nokkuð vel út þrátt fyrir að fyrir að rannsóknir á innfjarðarækjunni hafi verið skornar niður um helming frá því sem áður var.“

Útgerðarmenn sem stunduðu innfjarðarækjuveiðar við Djúp fengu svokallaðar rækjubætur þegar veiðum var hætt til að bæta þeim tjónið. Rækjubæturnar eru umreiknuð þorskígildistonn sem hafa síðan verið seldar sem ígildi þorskkvóta. Ljóst er að eigendur innfjarðakvóta verða ekki sáttir ef rækjuveiðar verði aftur leyfðar í Ísafjarðardjúpi.

Jón segir að úthafrækjukvótinn sé notaður til að spila á kerfið. „Menn leigja frá sér allan kvóta í ýmsum verðmætari tegundum en leigja svo á móti úthafrækjukvóta til að ná upp í veiðiskylduna. Sá úthafsrækjukvóti er aldrei veiddur og fellur niður dauður. Þarna er verið að spila á kerfið. Kvóti sem enginn hefur áhuga á að veiða á að vera ókeypis fyrir þá sem vilja veiða hann. Ætlum við virkilega að vera þeir fyrstu til að hætta rækjuveiðum og vinnslu og það vegna galla í kerfinu. Við feðgar erum að þessu vegna þess að við höfum trú á þessari auðlind og fólkinu sem hefur unnið við hana“, segir Jón. *– smari@bb.is*

Rækjuverksmiðjan Miðfell hf., á Ísafirði.